

## FYLGIRIT IV

### Höfuðborgarsvæðið og hagkerfið

---

Hluti af forsendum  
svæðisskipulags  
höfuðborgarsvæðisins  
2015-2040





# VAXTARSAMNINGUR FYRIR HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



## Höfuðborgarsvæðið og hagkerfið

Sigurður Snævarr  
Vilborg H. Júlíusdóttir


Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013  
Júlí 2014

Þessi skýrsla er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 sem er fjármögnuð m.a. af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vinna eftir sóknaráætluninni og úr henni og bera ábyrgð á framgangi þeirra verkefna sem falla undir hana.

Innihald, skoðanir og niðurstöður eru á ábyrgð skýrsluhöfunda.

## Efnisyfirlit

|   |                                                                                           |    |
|---|-------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| 1 | Inngangur og helstu niðurstöður .....                                                     | 4  |
| 2 | Vinnumarkaður .....                                                                       | 7  |
|   | 2.1.1 Atvinnuþátttaka og starfandi .....                                                  | 7  |
|   | 2.1.2 Atvinnuleysi .....                                                                  | 8  |
|   | 2.1.3 Vinnutími, starfshlutfall og vinnumagn .....                                        | 10 |
|   | 2.1.4 Atvinnugreinaskipting .....                                                         | 10 |
|   | 2.1.5 Starfsstéttir og menntun .....                                                      | 13 |
| 3 | Framleiðsla .....                                                                         | 16 |
|   | 3.1 Landsframleiðsla og hagvöxtur .....                                                   | 16 |
|   | 3.1.1 Landsframleiðsla .....                                                              | 16 |
|   | 3.1.2 Hagvöxtur .....                                                                     | 17 |
|   | 3.2 Landsframleiðsla á höfuðborgarsvæðinu .....                                           | 18 |
|   | Landsframleiðsla og stórborgir .....                                                      | 21 |
| 4 | Einstakar atvinnugreinar .....                                                            | 22 |
|   | 4.1 Vaxtagreinar .....                                                                    | 22 |
|   | 4.1.1 Skapandi greinar .....                                                              | 23 |
|   | 4.1.2 Ferðaþjónusta .....                                                                 | 27 |
|   | 4.2 Efnahagsleg markmið .....                                                             | 31 |
|   | 4.2.1 Hvers konar vöxtur? .....                                                           | 31 |
|   | 4.2.2 Áhersla á framleiðni og alþjóðageirann .....                                        | 31 |
|   | 4.2.3 Vaxtarsamningur höfuðborgarsv., McKinsey-skýrslan og tillögur Samráðsvettvangs..... | 33 |
| 5 | Viðauki: Tölfræði og gagnagrunnar .....                                                   | 39 |
|   | 5.1 Hagstofa Íslands.....                                                                 | 40 |
|   | 5.1.1 Lýðfræði .....                                                                      | 40 |
|   | 5.1.2 Vinnumarkaður.....                                                                  | 41 |
|   | 5.1.3 Tekjur og laun.....                                                                 | 41 |
|   | 5.1.4 Fyrirtæki og velta.....                                                             | 42 |
|   | 5.1.5 Framleiðsla .....                                                                   | 43 |
|   | 5.1.6 Utanríkisviðskipti.....                                                             | 43 |
|   | 5.1.7 Fjárhagur sveitarfélaga.....                                                        | 44 |
|   | 5.2 Þjóðskrá .....                                                                        | 44 |
|   | 5.3 Ríkisskattstjóri .....                                                                | 45 |
|   | 5.4 Vinnumálastofnun .....                                                                | 45 |
|   | 5.5 Fiskistofa .....                                                                      | 45 |
|   | 5.6 Rannís .....                                                                          | 46 |
|   | 5.7 Samband íslenskra sveitarfélaga .....                                                 | 46 |
|   | 5.8 Ferðamálastofa.....                                                                   | 46 |
|   | 5.9 Samgöngustofa .....                                                                   | 46 |
|   | 5.10 Seðlabanki Íslands .....                                                             | 46 |



## 1 Inngangur og helstu niðurstöður

Í verkefnislýsingu „hagkerfis höfuðborgarsvæðisins“<sup>1</sup> er fyrirlagt að greina þátt höfuðborgarsvæðisins í þjóðarbúskapnum, draga fram talnaefni sem nauðsynlegt er til að spá um líklega þróun næstu 10-20 ára og loks draga saman yfirlit yfir gögn og gagnagrunna sem máli skipta. Verkefninu er skipt í þrjá verkþætti; mannfjölda, greiningu á flæði vinnuafis milli sveitarfélaga og þessa skýrslu um hagkerfið og höfuðborgarsvæðið.

---

<sup>1</sup> Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (2013). Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2013, verkefnatillaga

**Helstu niðurstöður** sem hér eru kynntar eru:

#### **Vinnumarkaður**

- Störfum hefur fjölgað mun hraðar á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð á undanförunum áratugum. Í kjölfar hruns fækkaði störfum í meira mæli á fyrrnefnda svæðinu en því síðarnefnda.
- Atvinnuskipting á höfuðborgarsvæðinu einkennist af meira vægi þjónustugreina en á landsbyggðinni. Framleiðslugreinar eru hins vegar fyrirferðarmeiri á landsbyggð.
- Verkaskipting milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar hér á landi er keimlík því sem er annars staðar á Norðurlöndum.
- Verulegur munur er á menntun íbúa á höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Mestu skiptir að á höfuðborgarsvæðinu eru mun fleiri með háskólamenntun, eða 35% íbúa samanborið við 25% íbúa á landsbyggð. Fleiri íbúar á landsbyggð eru eingöngu með grunnmenntun, eða 38%, en á höfuðborgarsvæðinu, 29%.

#### **Framleiðsla**

- Ítarlegar athuganir á landsframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu yfir árabilið 2007 – 2012 sýna að hlutur þess í landsframleiðslunni í heild var um 72% árið 2007 en lækkaði árlega til ársins 2011 og var þá 67,4%. Samdráttur í kjölfar hrunsins var þannig meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð og nam hann um 11% frá 2008 til 2010, en um 8% á landsbyggðinni.
- Landsframleiðsla á mann á höfuðborgarsvæðinu var rúmlega 5.700 þús. kr. á árinu 2007 á verðlagi 2012, en rúmlega 4.900 þús. kr. á árinu 2012, sem er samdráttur um 15%. Á sama árabili lækkaði landsframleiðsla á mann á landsbyggðinni um rúm 2% úr 4.300 þús. kr. í rúmlega 4.200 þús. kr.
- Víðast hvar um heiminn er landsframleiðsla á mann meiri og jafnvel mun meiri á höfuðborgarsvæðum en öðrum svæðum í hverju ríki. Á Stokkhólmssvæðinu var landsframleiðsla á mann 58% meiri en annars staðar í landinu árið 2010 og samsvarandi tala fyrir Kaupmannahöfn 34%. Á sama ári var hins vegar landsframleiðsla á hvern höfuðborgarbúa hér á landi 18% hærri en á landsbyggð.
- Skapandi greinar eru meðal áherslugreina í sóknaráætlun. Ráðist var í rannsóknir á efnahagslegum umsvifum þessara greina bæði á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu og var greiningin á grundvelli framleiðsluuppgjörs þjóðhagsreikninga. Niðurstöður eru þær að framlag

skapandi greina er 3,4% og starfandi 9,5 þúsund á landinu öllu, en þar af um 7,2 þús. á höfuðborgarsvæðinu. Um 80% af umsvifum í skapandi greinum eru á höfuðborgarsvæðinu.

### McKinsey og sóknaráætlun

- Í skýrslu McKinsey<sup>2</sup> er þjóðarbúskapnum skipt í fjóra geira: auðlinda-, alþjóða, innlenda og opinbera geirann. McKinsey leggur áherslu á að auka framleiðni og að auka þurfi vöxt í alþjóðageiranum.
- Vægi alþjóðageirans er mun meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð, en þetta snýst við þegar horft er til auðlindageirans.
- Vaxtamöguleikar alþjóðageirans verða fyrst og fremst á höfuðborgarsvæðinu og falla áherslur í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins mjög vel að skýrslu McKinsey og vinnu Samráðsvettvangs um aukna hagsæld.

### Hagtölur

Í viðauka við þessa skýrslu er farið yfir opinbera tölfræði og helstu gagnagrunna. Greining leiðir í ljós ýmsar brotalamir er varðar tölfræði um bæði efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar í heild og sérstaklega um höfuðborgarsvæðið. Mestu skiptir:

- Tölfræði um íbúðir, atvinnuhúsnæði og byggingarstarfsemi er í lamasessi og brýn þörf er á að bragabót verði unnin á þessum sviðum.
- Brýnt er að bæta fyrirtækjatölfræðina. En með bættri fyrirtækjatölfræði er von til þess að fá haldgóða tölfræði um ferðir til og frá vinnustöðum. Jafnframt má gera ráð fyrir að fyrirtækjatölfræði opni möguleika á tölum um efnahagsleg umsvif ýmissa nýrra greina, s.s. ferðaþjónustu og skapandi greina.
- Talnafátækt torveldar að fylgjast með útflutningi vöru og þjónustu nýrra greina, s.s. hugbúnaði, skapandi greinum, líftækni o.fl.
- Vinnumarkaðstölfræði má enn bæta og nýta vinnumarkaðskannanir í meira mæli en nú er gert. Þannig eru upplýsingar um vinnuafl eftir atvinnugreinum af skornum skammti og engar um ársverk.
- Enn vantar tölfræði um laun eftir landssvæðum sem og um tekjur og menntun.
- Tölfræði um heimili er takmörkuð og mikilvægt að bæta þar um.

---

<sup>2</sup> Charting a Growth Path for Iceland. McKinsey, Scandinavia 2011.

## Tillögur

- Í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar munu borgarsamfélög draga vagninn. Vöxtur alþjóðageirans mun ráðast af þeim innviðum sem höfuðborgarsvæðið býður fólki og fyrirtækjum. Til þess að ná fram efnahagslegum markmiðum McKinsey/Samráðsvettvangs um aukna hagsæld og vaxtarsamningsins verða stjórnvöld að marka sérstaka höfuðborgarstefnu og setja fram byggðaaætlun um svæðið í samráði við sveitarfélögin.
- Efnt verði til samráðs við stjórnvöld og Hagstofu um opinbera tölfræði sem miði að því að ávallt verði til reiðu aðgengilegar upplýsingar um efnahags- og félagslega þróun á höfuðborgarsvæðinu.
- Í því skyni að auka framleiðni í opinbera geiranum skv. tillögum McKinsey/Samráðsvettvangs er lagt til að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu taki upp ítarlegan rekstrarsamanburð og íhugi frekari samvinnuverkefni, s.s. um rafræn, opinber innkaup.

## 2 Vinnumarkaður


Vinnumarkaðskönnun Hagstofu er byggð á úrtaki fólks á aldrinum 16-74 ára. Um er að ræða spurningakönnun sem í gangi er árið um kring og spurt er um stöðu á vinnumarkaði, atvinnugrein, starfshlutfall, vinnutíma, menntun o.fl. Búseta er greind eftir lögheimili svarenda og birtar tölur taka til landsins í heild og í sumum tilvikum höfuðborgarsvæðis. Vinnumálastofnun gefur einnig út tölfræði um atvinnulausa, þ.e. þá sem eru á atvinnuleysisskrá. Nokkur munur er á niðurstöðum sem helgast einkum af því að margir sem eru tímabundið án atvinnu sækja ekki um bætur eða eiga ekki bótarétt. Vinnumálastofnun leggur aðsetur atvinnulausra en ekki lögheimili til grundvallar við skiptingu eftir landssvæðum. Hins vegar miðar Hagstofa allajafna við lögheimili og skiptir t.a.m. starfandi fólki eftir landssvæðum með þeim hætti, sem er þó ekki gallalaus aðferð.<sup>3</sup>

### 2.1.1 Atvinnupátttaka og starfandi

Atvinnupátttaka er hlutfallið á milli þeirra sem eru á vinnumarkaði (í atvinnu eða atvinnulausir í virkri atvinnuleit) og fólksfjölda á vinnualdri. Allnokkrar sveiflur eru í atvinnupátttöku landsmanna og gætir þar mjög hagsveiflna.

<sup>3</sup> Gerð er grein fyrir mismun á aðferðum í Seðlabanki Íslands (2004). Peningamál 2004/2.  
<http://www.sedlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4008>

Þannig jókst atvinnuþátttaka á árunum 2004 til 2007 um 3½ prósentustig á höfuðborgarsvæðinu og lækkaði aftur um svipað hlutfall frá 2007 til 2012. Þessi eiginleiki íslensks vinnumarkaðar gerir hann sveigjanlegri en víðast hvar annars staðar.



Mynd 1. Atvinnuþátttaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

Greining eftir búsetu sýnir að fram að árinu 2005, eða við upphaf þensluskeiðs í aðdraganda hruns, var atvinnuþátttaka nokkru meiri á landsbyggð en á höfuðborgarsvæði. Frá 2005 hefur atvinnuþátttaka hins vegar verið ívið meiri á höfuðborgarsvæðinu, eins og mynd 1 sýnir.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnuninni fjölgaði störfum um 38.100 frá 1991 til 2013, þar af fjölgaði störfum á höfuðborgarsvæðinu um 34.900 en um 3.200 á landsbyggðinni. Meira en níu af hverjum tíu störfum urðu þannig til á höfuðborgarsvæðinu. Engu að síður sýnir sama heimild að hrúnið tók stærri toll af störfum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð, á fyrrnefnda svæðinu fækkaði um 4.200 störf en óveruleg fjölgun varð á landsbyggðinni.


Langtímaþróunin endurspeglar fyrst og fremst hraðari fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu. Einnig kemur til að störfum á íbúa hefur fjölgað hraðar, sem sést á því að atvinnuþátttaka hefur aukist á höfuðborgarsvæðinu en minnkað utan þess.

### 2.1.2 Atvinnuleysi


Þótt störfum hafi fjölgað á höfuðborgarsvæðinu umfram aðra landshluta er atvinnuleysi engu að síður að jafnaði meira þar en annars staðar.<sup>4</sup> Á þessu hefur sérstaklega borið eftir hrún. Hér kemur væntanlega tvennt til. Atvinnulausir á landsbyggðinni flytja í einhverjum, en þó óþekktum, mæli til

<sup>4</sup> Suðurnesin eru raunar sá landshluti þar sem atvinnuleysi hefur verið mest. Hafa verður í huga að Suðurnesin eru á efnahagslegu áhrifasvæði höfuðborgarsvæðisins.

höfuðborgarinnar í atvinnuleit og sú leit tekur lengri tíma á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er einkennandi fyrir atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu að atvinnuleysistímabil eru löng. Í mynd 3 er litið til fjölda þeirra sem hafa verið atvinnulausir í hálf t ár eða lengur í hlutfalli við mannafla í heild. Þar sést að árið 2010 var langtímaatvinnuleysi komið í 5% af vinnuafla á höfuðborgarsvæðinu, næstum 2 prósentustigum hærra en á landsbyggðinni.



Mynd 2. Atvinnuleysi, % af mannafla.  
Heimild: Vinnumálastofnun.




Mynd 3. Langtímaatvinnuleysi, % af mannafla.  
Heimild: Vinnumálastofnun.



### 2.1.3 Vinnutími, starfshlutfall og vinnumagn

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands er vinnutími fólks á höfuðborgarsvæðinu til muna skemmri en á landsbyggðinni og á það jafnt við fólk í fullu starfi sem í hlutastarfi. Munurinn á vinnutíma fullvinnandi var 4,4 klst. árið 2013 og 2 klst. hjá fólki í hlutastarfi.



Mynd 4. Vinnutími fólks í fullu starfi.  
Heimild: Hagstofa Íslands.


Mynd 5. Vinnutími fólks í hlutastarfi.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

Tölur um fjölda starfandi fólks segja ekki nema hluta af sögunni, því að einnig þarf að taka tillit til starfshlutfalls (fullvinnandi, hlutastarf) og til vinnutíma. Til þess að finna vinnumagnið, eða fjölda vinnutíma í heild, þarf að taka tillit til allra þessara þátta. Árið 2013 voru 64,5% af öllum starfandi búsettir á höfuðborgarsvæðinu en að teknu tilliti til vinnutíma og starfshlutfalls var hlutur höfuðborgarsvæðinu í vinnumagninu 62%.

### 2.1.4 Atvinnugreinaskipting

Megineinkenni á þróun vinnumarkaðar á síðari hluta síðustu aldar er hlutfallsleg fækkun starfandi fólks í frumframleiðslugreinum og fjölgun í þjónustugreinum. Þessi þróun átti sér stað samhliða vaxandi borgarmyndun á höfuðborgarsvæðinu. Ekkert lát hefur verið á þessari þróun það sem af er 21. öldinni og fátt sem bendir til að hún stöðvist.


Það er einkennandi fyrir vinnumarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu að þjónustugeirinn er hlutfallslega mun stærri en annars staðar á landinu, eins og lesa má í myndum 6 og 7.



Mynd 6. Skipting vinnuafls eftir atvinnugreinum á höfuðborgarsvæðinu 2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 7. Skipting vinnuafls eftir atvinnugreinum á landsbyggð 2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.


Þessi verkaskipting milli höfuðborgar og landsbyggðar á sér samsvörun í öðrum löndum og er skipting hér á landi keimlík því sem er annars staðar á Norðurlöndum. Mestu skiptir þar að 20% höfuðborgarbúa starfa í fjármála- og tryggingarstarfsemi en mun færri í öðrum landssvæðum. Hins vegar starfa 20-25% íbúa á öðrum svæðum í framleiðslu en mun lægra hlutfall höfuðborgarbúa (sjá mynd 8).



Mynd 8. Skipting vinnuafis á Norðurlöndum eftir atvinnugreinum og svæðum.<sup>5</sup>  
Heimild: Nordstat.org.

Frá 1991 til 2012 var öll fjölgun starfa í þjóðarbúskapnum í þjónustugreinum. Röskur helmingur fjölgunar starfa á höfuðborgarsvæðinu frá 1991 til 2012 var í fasteignaviðskiptum og ýmissi þjónustu, heilbrigðis- og félagsþjónustu og annarri samfélagslegri þjónustu.

<sup>5</sup> Ekki fengust tölur frá Hagstofunni um fjölda sem starfar við upplýsingar og fjarskipti og við menningu og tengda starfsemi.



Mynd 9. Fjölgun starfa á höfuðborgarsvæðinu eftir atvinnugreinum 1991-2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

Mynd 10. Fjölgun starfa á landsbyggð eftir atvinnugreinum 1991-2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

### 2.1.5 Starfsstéttir og menntun

Menntun er ráðandi afl í nútímasamfélagi og kemur skýrt fram á vinnumarkaði. Staða manna á vinnumarkaði fer mjög eftir menntun sem tölur Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi eftir menntun sýna. Jafnframt eru vísbendingar skýrar um að menntun sé afar mismunandi eftir atvinnugreinum.

Tölfræði um menntun Íslendinga er hins vegar takmörkuð enn sem komið er og ekki um auðugan garð að grisja þegar kemur að einstökum landshlutum eða sveitarfélögum. Hagstofan birtir tölfræði um grófa flokkun menntunar á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð fyrir aldurshópin 25-64 ára í heild. Þar kemur fram að verulegur munur er á menntunarstigi milli þessara svæða.

Tafla 1. Menntunarstig íbúa 25-64 ára eftir svæðum árið 2012.

|                                          | Landið allt    |          | Höfuðborgarsvæði |          | Utan höfuðborgarsvæðis |          |
|------------------------------------------|----------------|----------|------------------|----------|------------------------|----------|
|                                          | Fjöldi         | Hlutfall | Fjöldi           | Hlutfall | Fjöldi                 | Hlutfall |
| <b>Alls</b>                              | <b>160.900</b> | 100,0%   | <b>102.300</b>   | 100,0%   | <b>58.600</b>          | 100,0%   |
| Grunnmenntun - ISCED 1, 2                | 47.000         | 29,2%    | 24.800           | 24,2%    | 22.200                 | 37,9%    |
| Starfs- og framhaldsmenntun - ISCED 3, 4 | 57.600         | 35,8%    | 35.700           | 34,9%    | 21.900                 | 37,4%    |
| Háskólamenntun - ISCED 5, 6              | 56.300         | 35,0%    | 41.800           | 40,9%    | 14.500                 | 24,7%    |

Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar menntun Íslendinga er borin saman við menntun þeirra þjóða sem við helst berum okkur saman við er niðurstaðan okkur í óhag. Þar skiptir mestu að hlutfallslega eru mun fleiri landsmenn á aldrinum 25-64 ára sem ekki hafa lokið framhaldsskóla, eða 29%. Algengt er meðal fremstu þjóða að þetta hlutfall sé um eða undir 10%.<sup>6</sup> Í þessu tilliti eru Íslendingar í hópi þjóða sem búa við töluvert lakari lífskjör en við. Mikilvægi umbóta á þessu sviði er öllum


<sup>6</sup> Sjá OECD(2013). Education at a Glance 2013. OECD.

ljóst og stjórnvöld<sup>7</sup> og aðilar vinnumarkaðarins hafa sett sér markmið um að þetta hlutfall verði ekki hærra en 10% árið 2020.

Hlutfall Íslendinga með háskólamenntun er ívið lægra en annars staðar á Norðurlöndum. Þá sýna tölur OECD að Íslendingar eru aftarlega á merinni er varðar fjölda útskrifaðra raun-, tækni- og verkfræðimenntaðra.<sup>8</sup>

Menntakannanir Samtaka atvinnulífsins hafa einmitt leitt í ljós að þörf atvinnulífsins er helmingi meiri fyrir raun-, tækni- og verkfræðimenntaða en aðra háskólamenntaða starfsmenn.<sup>9</sup> Frá hruni hafa vissulega orðið nokkur umskipti og ungt fólk leitað í auknum mæli í þessar greinar, en sama hefur verið uppi á teningnum í öðrum OECD ríkjum.

Þegar horft er til starfsstétta kemur í ljós allmikill munur á höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Mestur er munurinn hvað varðar hlutfallslegan fjölda „sérfræðinga“, en til þeirrar stéttar telst fjórðungur starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu en 15% á landsbyggðinni. Þá teljast 14% starfandi fólks á landsbyggðinni til „ósérhæfs starfsfólks“ og 6% á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 11. Skipting starfandi fólks eftir atvinnustétt á höfuðborgarsvæðinu 2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.


Mynd 12. Skipting starfandi fólks eftir atvinnustétt á landsbyggðinni 2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.

Fjölgun starfa eftir starfstéttum og svæðum er viðfang mynda 13 og 14. Árin 1991 til 2008 fjölgaði sérfræðingum og sérmenntuðu starfsfólki mjög, bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð, en einnig verslunar- og skrifstofufólki og stjórnendum. Bændum, sjómönnum og vélgæslufólki fækkaði hins vegar. Eftir hrun fækkar í flestum starfstéttum, að frátalinni nokkurri fjölgun sérfræðinga á landsbyggðinni.


<sup>7</sup> Þrátt fyrir góð áform hafa efndir ekki verið sem skyldi. Eingöngu afmörkuð tilraunaverkni eru nú í gangi, í Norðvesturkjördæmi og Breiðholti.

<sup>8</sup> Sjá OECD (2012). OECD Education at a Glance 2011.

<sup>9</sup> Þörf fyrir raun-, tækni- og verkfræðimenntaða. <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/5788/>.



Mynd 13. Fjölgun starfandi eftir starfsstéttum á höfuðborgarsvæðinu 1991-2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 14. Fjölgun starfandi eftir starfsstéttum á landsbyggðinni 1991-2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands.




### 3 Framleiðsla

Hagstofa Íslands hefur látið í té ítarleg gögn um þjóðhagsreikninga frá framleiðsluhlið<sup>10</sup> fyrir árin 2007 til 2012 sem eru grundvöllur margvíslegra áætlana sem fram koma í ýmsum skýrslum vaxtarsamnings. Hagstofan lagði til áætlun um hlut höfuðborgarsvæðisins í framleiðslu einstakra atvinnugreina á árinu 2011. Gefur þessi skipting færi á að meta með þokkalegri nákvæmni hlut höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu og hlut þess í virðisauka í nokkrum lykilvaxtargreinum.<sup>11</sup>


#### 3.1 Landsframleiðsla og hagvöxtur

##### 3.1.1 Landsframleiðsla

Lífskjör ráðast af getu þjóða og svæða til að framleiða vörur og þjónustu og landsframleiðslan gefur vísbendingu um hvernig til tekst. Mynd 15 sýnir samanburð á kaupmáttarleiðréttri<sup>12</sup> landsframleiðslu á mann í nokkrum löndum í hlutfalli við meðaltal Evrópulanda innan OECD. Þessi mælikvarði gefur vísbendingu um efnahagslega stöðu Íslands í samanburði við önnur Evrópulönd. Á þennan mælikvarða var staða Íslands vænleg fram að hruni. Á árinu 2006 var landsframleiðsla á mann á Íslandi 18% yfir meðaltali í Evrópu. Sem vænta mátti breyttist þessi staða með hruninu og forskotið gagnvart



Mynd 15. Kaupmáttarleiðrétta landsframleiðsla á mann í hlutfalli af meðaltali Evrópulanda OECD. Heimild: OECD. Eigin útreikningar.



Mynd 16. Landsframleiðsla á mann, í þús. kr., fast verðlag 2005. Heimild: Hagstofa Íslands. Eigin útreikningar.

<sup>10</sup> Framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga rekur m.a. í hvaða atvinnugreinum framleiðslan verður til.

<sup>11</sup> Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Bygðastofnun hafa unnið greiningu á landsframleiðslu og hagvexti eftir landshlutum. Bygðastofnun og Hagfræðistofnun (2013). Hagvöxtur landshluta 2007-2011. <http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/hagvextur-landshluta-2007-2011.pdf>.


<sup>12</sup> Með kaupmáttarleiðréttingu er tekið tillit til þess að verðlag er mismunandi milli ríkja og leiðrétt er fyrir þessum verðlagsmun.

meðaltali Evrópulanda minnkaði niður í 12% árið 2010. Með ívið meiri hagvexti hér á landi en víðast hvar í Evrópu undanfarin 2-3 ár hefur staða okkar vænkast hlutfallslega.

Á mynd 16 kemur fram að landsframleiðsla á mann er hærri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni, en jafnframt kemur fram að hún hafi minnkað meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni á tímabilinu 2007-2012. Þannig var landsframleiðsla á mann á höfuðborgarsvæðinu vel yfir 5.700 þús. kr. á árinu 2007 á verðlagi 2012, en rúmlega 4.900 þús. kr. á árinu 2012, sem er samdráttur um 15%. Á sama árabili lækkar landsframleiðsla á mann á landsbyggðinni um rúm 2%, úr 4.300 þús. kr. í rúmlega 4.200 þús. kr.

### 3.1.2 Hagvöxtur

Hagvöxtur hefur verið töluverður á Íslandi og lífsskjör hafa batnað umtalsvert þegar horft er aftur yfir nokkuð langt tímabil. Hagvöxtur mældist að meðaltali 4,6% á tímabilinu 2000-2007 eða þar til fjármála- og efnahagskreppan skall á. Lítil sem enginn hagvöxtur var á árinu 2008, landsframleiðslan dróst saman um 8,5% 2009 og aftur um 3,4% 2010. Á árinu 2011 og aftur 2012 mældist hagvöxtur um 1,6% og á árinu 2013 er gert ráð fyrir að hann hafi verið 3-3,5%.



Mynd 17. Framlag einstakra atvinnugreina til hagvaxtar 2000-2012.<sup>13</sup>

Heimild: Hagstofa Íslands. Eigin útreikningar.

Á mynd 17 er hagvöxtur greindur eftir atvinnugreinum og litið á framlag atvinnugreina til hagvaxtar á tveimur tímabilum, 2000-2005 og 2010-2012.

<sup>13</sup> Hér er framlag atvinnugreina til hagvaxtar metið sem breyting vergra þáttatekna í hverri atvinnugrein á föstu verðlagi í hlutfalli við breytingar á vergum þáttatekjum alls.


Taka verður fram að framlag atvinnugreina til hagvaxtar veltur ekki aðeins á vaxtarhraða heldur líka á vægi þeirra í landsframleiðslu. Þannig getur framlag stórs atvinnuvegar sem vex hægt verið meira en lítils sem vex hratt. Myndin sýnir að framlag atvinnugreina til hagvaxtar er mismunandi milli tímabila. Á árabílinu 2000-2005 er samanlagður hagvöxtur rúmlega 27% og munaði þar mestu um framleiðsluaukningu í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, samtals tæplega 24%, sem rekja má ekki síst til mikilla fjárfestinga í tengslum við uppbyggingu í orkuframleiðslu og orkufrekum iðnaði.

Á tímabilinu 2000-2006 hljóp mikill vöxtur í fjármálastarfsemi, eða sem nam 23,2%, og margvíslega þjónustu við atvinnu- og fasteignarekstur (9,1%), en rekja má um 32% hagvaxtarins til vaxtar í þessum greinum, um 13% til verslunar og rúmlega 6% til margvíslegrar þjónustu hins opinbera. Aftur á móti var samdráttur í fiskveiðum og vinnslu á þessum árum og lítill vöxtur í öðrum gjaldeyrisskapandi þjónustugreinum, eins og ferðaþjónustu.

Eftir hrun er samsetning hagvaxtarins töluvert ólík því sem var fyrir hrun. Efnahagsbatinn frá árinu 2010 er borinn uppi af útflutningsgreinum, enda örvar lágt gengi krónunnar útflutningsstarfsemina. Þar gegnir ferðaþjónusta lykilhlutverki. Rekja má um 40% af efnahagsbatanum til mikilvægra atvinnugreina í ferðaþjónustu, s.s. flutninga með flugi (13,6%), reksturs veitinga- og gististaða (12,1%) og ferðaskrifstofa (13,6%). Framlag upplýsinga og fjarskipta til hagvaxtar á tímabilinu 2010-2012 er tæplega 14% en þar er meðtalin útgáfa bóka og tímarita, kvikmyndagerð, hljóðupptökur, gagnavinnsla og ýmis starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu sem tilheyra skapandi greinum. Erlendir ferðamenn hafa jafnframt mikil áhrif á innlenda verslun en rekja má um 36% hagvaxtarins til meiri umsvifa í verslunarrekstri. Loks má rekja um 10,6% hagvaxtarins til sjávarútvegs.

### 3.2 Landsframleiðsla á höfuðborgarsvæðinu

Tölur sýna að vægi höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu fór vaxandi fram að hruni, en lækkaði eftir það. Mynd 18 sýnir að hlutur höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu var um 72% árið 2007 og minnkaði með hruninu fram til 2011 og var 67,8% árið 2012. Til samanburðar má minna á að 2007 bjuggu 62,6% landsmanna á svæðinu og 63,8% árið 2012.




*Mynd 18. Skipting landsframleiðslu milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar.*  
Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningur.

*Mynd 19. Hagvöxtur á landsbyggð og landinu öllu.*  
Heimild: Hagstofa Íslands, Bygðastofnun; Hagvöxtur landshuta 2004-2009. Eigin útreikningar.

Efnahagsþróunin er mismunandi eftir atvinnugreinum og svæðum. Þannig var hagvöxtur meiri á höfuðborgarsvæðinu fram til 2007, en samdráttarskeiðið hefst fyrr og samdráttur verður meiri þar en á landsbyggð. Þannig var samdráttur á höfuðborgarsvæðinu 8,2% á árinu 2009, samanborið við 5,2% á landsbyggðinni. Á árinu 2010 dróst landsframleiðsla saman um 3% á landinu öllu. Á árinu 2011 snerist þróunin við og hagvöxtur varð 1,6% á landsbyggðinni og litlu meiri á höfuðborgarsvæðinu. Vægi sjávarútvegs er mikið á landsbyggðinni og mikill vöxtur í sjávarútvegi á árinu 2012 hafði í för með sér að hagvöxtur varð meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, eða 2,3% borið saman við 1,4% á höfuðborgarsvæðinu.

Á tímabilinu 2010-2012 var hagvöxtur svipaður á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu, um 3,8%. Mynd 19 sýnir hlutfallslega skiptingu á hagvexti eftir landssvæðum 2004-2012.

Eins og fram hefur komið er sjávarútvegur ráðandi atvinnugrein á landsbyggðinni en rekja má rúmlega 36% hagvaxtarins þar til fiskveiða og vinnslu. Um 4% hagvaxtarins má rekja til framleiðslu málma og framleiðslu á málmvörum. Um 42% af hagvexti á landsbyggðinni má síðan rekja til verslunar og ferðaþjónustu. Vöxtur var í framleiðslu matvæla og var framlag þeirra til hagvaxtar um 6%.



Mynd 20. Framlag einstakra atvinnugreina til hagvaxtar á árunum 2010-2012.  
Heimild: Hagstofa Íslands. Eigin útreikningar.

Af einstökum atvinnugreinum á höfuðborgarsvæðinu er framlag til vaxtar 2010-2012 mest í verslunargreinum. Samantekið er framlag ferðaþjónustugreina, s.s. flugreksturs og tengdra greina, veitinga- og hótélreksturs, langmest. Allnokkur vöxtur er í starfsemi sem fellur undir skapandi greinar, s.s. upplýsinga- og fjarskiptastarfsemi, auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknur.


Á undanförunum árum hefur vægi hins opinbera verið um fimmtungur af landsframleiðslu. Vísbendingar um framleiðslubreytingar hér að ofan sýna að framlag hins opinbera til hagvaxtar var neikvætt um tæplega 5% á árunum 2010-2012. Ástæðan fyrir þessu er að eftir hrun drógust tekjur hins opinbera verulega saman og á sama tíma hefur þurft að draga verulega úr útgjöldum til flestra málaflokka til að ná jafnvægi í fjármálum hins opinbera.

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur á landinu hafi verið 3-3,5% á árinu 2013, og gera má ráð fyrir að hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu hafi verið á móta.<sup>14</sup> Útflutt þjónusta leiddi hagvöxt á árinu 2013 og þar vegur ferðaþjónusta þýngst. Vægi ferðaþjónustu í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins er hátt, en rekja má um 70% af umsvifum ferðaþjónustu hér á landi til höfuðborgarsvæðisins. Ferðaþjónusta, skapandi greinar, verslun og þjónusta af ýmsum toga eru nátengdar hver annarri. Stærsti hluti þessara atvinnugreina er á höfuðborgarsvæðinu.

<sup>14</sup> Magnvísitölur vergra þáttatekna sýna vöxt í verslun og öðrum þjónustugreinum á höfuðborgarsvæðinu.

### Landsframleiðsla og stórborgir

Samanburður á landsframleiðslu á stórborgarsvæðum og öðrum svæðum viðkomandi þjóðríkja gefur sterka vísbendingu um stærðar- og breiddarhagkvæmni sem borgir búa atvinnulífi (sjá mynd 21). Þannig er áætlað að landsframleiðsla á mann á Stokkhólmssvæðinu hafi verið 58% meiri en utan þess og með sama hætti var landsframleiðsla á mann á Kaupmannahafnarsvæðinu 34% yfir því sem var annars staðar í landinu.



Mynd 21. Hlutfall á milli landsframleiðslu á mann á höfuðborgarsvæðum og utan þeirra í völdum löndum.

Heimild: OECD og eigin útreikningar.

Margvíslegar ástæður eru fyrir þessum niðurstöðum. Í riti Hagfræðistofnunar Háskólans *Byggðir og búseta*<sup>15</sup> eru teknir saman ýmsir þættir sem skýra þéttbýlismyndun og styrk efnahagslífs í borgum.

- Borgarumhverfi skapar tengslanet sem flytur upplýsingar, miðlar tækni og þekkingu.
- Stór fyrirtæki hasla sér völl í stærri borgum til að nýta sér innri stærðarhagkvæmni.
- Ytri stærðarhagkvæmni (breiddarhagkvæmni) skapast milli atvinnugreina og fyrirtækja með margvíslegum samlegðaráhrifum.

<sup>15</sup> Axel Hall o.fl. (2002). Byggðir og búseta. Þéttbýlismyndun á Íslandi. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Höfuðstöðvar fyrirtækja eru oftast en ekki í höfuðborgunum sem skapar þeim töluvert forskot. Þetta er nokkuð skýrt í Svíþjóð þar sem landsframleiðsla á mann á höfuðborgarsvæðinu eru töluvert meiri en í Gautaborg og Málmey, og þær borgir ekki langt frá landsmeðaltalinu.

Áætlanir um landsframleiðslu á mann á höfuðborgarsvæðinu og utan þess sem gerðar voru í tengslum við þetta verkefni ná til áranna 2007 til 2012. Samkvæmt þessum tölum var landsframleiðsla á mann röskum 50% meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð árið 2007. Eftir hrun lækkaði þetta hlutfall hratt eða fram til 2012 að landsframleiðsla á mann hækkaði ívið meira á höfuðborgarsvæði en landsbyggð. Mynd 21 sýnir að munur á milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar er minni hér á landi en annars staðar.<sup>16</sup>

## 4 Einstakar atvinnugreinar

### 4.1 Vaxtagreinar

Í greiningu alþjóðlega ráðgjafafyrirtækisins McKinsey<sup>17</sup> frá árinu 2012 kemur fram að Íslendingar þurfi að auka fjölbreytni í atvinnulífi sínu; horfa til fleiri atvinnugreina til að tryggja áframhaldandi hagsæld í framtíðinni. Í vaxtarsamningi sóknaráætlunar er lögð áhersla á vaxtarmöguleika nokkurra atvinnugreina, þ.e. ferðaþjónustu, skapandi greina og þekkingargreina. Greining á þessum atvinnuvegum á landsvísu takmarkast mjög af skorti á hagtölum og af þessum sökum var ráðist í vinnu við að safna tölfræðilegum upplýsingum, bæði fyrir landið allt og höfuðborgarsvæðið. Þessar greinar eiga það sameiginlegt að sjást ekki í hefðbundinni atvinnugreinaflokkun, þar sem fyrirtæki eru flokkuð saman í atvinnugreinar eftir því hver hin endanlega afurð, vara eða þjónusta, er.


<sup>16</sup> Áætlanir Hagfræðistofnunar Háskólans og Bygðastofnunar gefa til kynna minni mun á milli landsframleiðslu á mann á höfuðborgarsvæðinu og utan þess yfir tímabilið 2004 til 2011 og sveiflan frá 2007 er ekki eins greinileg í þeim áætlunum.

<sup>17</sup> Charting a Growth Path for Iceland. McKinsey, Scandinavia 2011.

#### 4.1.1 Skapandi greinar

Hagkerfi taka breytingum og nýjar atvinnugreinar verða til sem víkja frá uppgjörsaðferðum formfastra staðla opinberrar tölfræði. Alþjóðastofnanir hafa í þessu samhengi eindregið hvatt þjóðir til að auka og bæta hagskýrslugerð fyrir nýjar atvinnugreinar<sup>18</sup> með svokölluðum hliðarreikningum við þjóðhagsreikninga í þeim tilgangi að draga fram breytta atvinnuhætti og nýrri og betri sýn á hagkerfi landa og svæða. Um langt árabil hefur farið fram mikil vinna meðal alþjóðastofnana<sup>19</sup> á sviði hagskýrslugerðar við að móta sameiginlega aðferðafræði til að greina og mæla hagræn áhrif ferðapjónustu innan ramma þjóðhagsreikninga.

Mynd 22. Skapandi atvinnugreinar.



Á undanförunum árum hefur viðlíka vinna farið í gang varðandi skapandi greinar, enda vefst það ekki lengur fyrir mönnum að skapandi greinar eru mikilvægur drifkraftur í efnahagslífi landa. Í þeirri vinnu, eins og við hagrænt mat á ferðapjónustu, hefur það verið ófrávíkjanleg krafa að halda tengslin við hið alþjóðalega þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna. Þannig gefst færi á uppgjörsaðferð samkvæmt viðurkenndum stöðlum, hugtökum og samræmdum vinnuaðferðum. Jafnframt verður hægt að bera atvinnugreinina saman við aðrar atvinnugreinar á milli landa og yfir tíma. Í febrúar á þessu ári gaf Hagstofa Ástralíu<sup>20</sup> út fyrstu hliðarreikningana yfir menningarstarfsemi og

<sup>18</sup> T.a.m. er lagt til í hinum alþjóðlega staðli yfir þjóðhagsreikninga (System of National Accounts) frá 1968 að þjóðir búi til hliðarreikning yfir ferðapjónustu í þeim tilgangi að draga fram betri sýn á þessa atvinnugrein í þjóðarbúskap landa.

<sup>19</sup> Um er að ræða Hagstofu Sameinuðu þjóðanna (UNSD), Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD) og Heimssamtök í ferðapjónustu (UNWTO).

<sup>20</sup> [www.abs.gov.au](http://www.abs.gov.au). Australian National Accounts: Cultural and Creative Activity Satellite Accounts, Experimental, 2008-09.

skapandi greinar. Helstu niðurstöður voru þær að hlutur þessara greina í landsframleiðslu Ástrala hafi verið 6,3% á árunum 2008-2009.

Skortur hefur verið á hagtölum um skapandi greinar hér á landi, þótt þær séu nú skilgreindar sem mikilvægur vaxtasproti í atvinnustefnu ríkis og sveitarfélaga.<sup>21</sup> Einu hagtölurnar sem hingað til hafa verið birtar er að finna í skýrslu dr. Margrétar Sigrúnar Sigurðardóttur og Tómasar Young um hagræn áhrif skapandi greina.<sup>22</sup> Byggðu þau á virðisaukaskattskyldri veltu aðila. Meginniðurstöður voru þær að skapandi greinar veltu 189 milljörðum kr. árið 2009, eða sem nemur 7% af allri virðisaukaskattskyldri veltu.

Í rannsókn Margrétar og Tómasar var stuðst við skilgreiningu á skapandi greinum eftir hinum svokallaða FCS-ramma (e. Framework for Cultural Statistics) frá Unesco (2010). Í töflu 2 eru sýndar útlínur þessa ramma.

Tafla 2. Skapandi greinar eftir meginflokkum.

|                      | Flokkar                               | Mikilvægar atvinnugreinar                                                      |                    |                        |                           |
|----------------------|---------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|--------------------|------------------------|---------------------------|
| Svið skapandi greina | A. Menningar- og náttúruarfleifð      | Starfsemi safna, rekstur sögulegra staða                                       | Menntun og þjálfun | Gagnavarsla og viðhald | Búnaður og stuðningsvörur |
|                      | B. Sviðslistir og hátíðahöld          | Sviðslistir, hljóðupptaka, tónlistarútgáfa, rekstur menningarhúsnæðis          |                    |                        |                           |
|                      | C. Sjónræn list og handverk           | Framleiðsla og sala fatnaðar og handverks, ljósmyndþjónusta                    |                    |                        |                           |
|                      | D. Bækur og fjölmiðlun                | Prentun, bóksala, útgáfa dagblaða og tímarita                                  |                    |                        |                           |
|                      | E. Hljóð, mynd og gagnvirkir miðlar   | Útgáfa tölvuleikja og hugbúnaðar, kvikmyndagerð og –sýningar, auglýsingamiðlun |                    |                        |                           |
|                      | F. Hönnun og skapandi þjónustugreinar | Starfsemi arkitekta, auglýsingastofur, sérhæfð hönnun                          |                    |                        |                           |
| Stoðsvið             | G. Ferðaþjónusta                      | Hótel og gistiþjónusta, ferðaskrifstofur                                       |                    |                        |                           |
|                      | H. Tólmstundir                        | Önnur ótalin skemmtun og tómstundastarf.                                       |                    |                        |                           |

Engar vísbendingar hafa verið birtar um þróun skapandi greina frá 2009 og engar rannsóknir verið gerðar á hlut höfuðborgarsvæðisins í þeim. Sú rannsókn sem hér er kynnt byggir á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga og sömu skilgreiningu á skapandi greinum beitt og í fyrrnefndri rannsókn. Í

<sup>21</sup> Skapandi borg. Fyrir liggja drög að atvinnustefnu ríkisins sem vænst er að verði kynnt á árinu 2014 og þar munu skapandi greinar væntanlega fá sinn sess.

<sup>22</sup> Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Tómas Young (2011). Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina.

gagnagrunni Hagstofu Íslands um framleiðsluuppgjör er að finna tölur um vinnsluvirði, þ.e. (sölu)veltu að frádregnum aðföngum (kaupum á vörum og þjónustum, þó ekki launakostnaður). Mikill akkur er að því að nota vinnsluvirði fremur en veltu. Hætt er við að veltutölur leiði til ofmats á efnahagslegum umsvifum, þar sem sama krónan getur verið talin oftari en einu sinni. Mikilvæg starfsemi innan skapandi greina ber ekki virðisaukaskattskyldu og á það einkum við starfsemi hins opinbera.

Meginniðurstaða þessarar athugunar er ekki í takti við rannsókn Margrétar og Tómasar um umfang skapandi greina. Ef stuðst er við sömu skilgreiningu var vinnsluvirði skapandi greina um 51 milljarður kr. á árinu 2012 eða um 3,4% af landsframleiðslu. Hlutfallið helst nokkuð óbreytt á tímabilinu 2007-2012. Hlutfall höfuðborgarsvæðisins í vinnsluvirði skapandi greina er um 80% á sama árabili. Mikilvægt er að meta magnbreytingar vinnsluvirðis skapandi greina og er hér stuðst við sömu skilgreiningu og í fyrrnefndri rannsókn. Niðurstaðan er að vinnsluvirði skapandi greina hafi aukist um tæplega 7% á tímabilinu 2008-2012, en vöxturinn er mismunandi eftir flokkum, eins og tafla 3 ber með sér. Á sama tíma dróst landsframleiðsla (vinnsluvirði allra greina) saman um rúm 7%. Eins og fram hefur komið er vægi höfuðborgarsvæðisins í skapandi greinum hátt eða um 80% og því má ætla að magnbreyting í heild sé góð vísbending um magnbreytingar í vinnsluvirði skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu.

Náin tengsl eru á milli skapandi greina og ferðaþjónustu. Ferðaþjónusta byggir að hluta til á menningarlegum grunni, íslenskum fræðasetrum, söfnum, hönnunar og tónlistarviðburðum. Viðbúið er að hinn mikli vöxtur í ferðaþjónustu hafi haft og muni hafa mikil áhrif á umsvif skapandi greina í framtíðinni. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu jókst vinnsluvirði í ferðatengdum greinum um 50% á tímabilinu 2008-2012.<sup>23</sup> Vinnsluvirði skapandi greina ásamt stoðsviðum jókst um 17% á tímabilinu 2008-2012.

---

<sup>23</sup> Stoðgreinar skapandi greina sem tilheyra ferðaþjónustu skv. þeirri skilgreiningu á skapandi greinum sem hér er lögð til grundvallar eru hótél og önnur gisting auk ferðaskipulagningar.

Tafla 3. Helstu kennitölur skapandi greina 2008-2012.

|                                       | Magn-<br>breyting | Áætlaður fjöldi starfa<br>2008 |                       | Áætluð fjölgun starfa<br>2008-2012 |                       |
|---------------------------------------|-------------------|--------------------------------|-----------------------|------------------------------------|-----------------------|
|                                       | Landið allt       | Landið allt                    | Höfuðborgar-<br>svæði | Landið allt                        | Höfuðborgar-<br>svæði |
| Svið skapandi greina                  |                   |                                |                       |                                    |                       |
| Menningar- og náttúruarfleið          | -12%              | 95                             | 30                    | 30                                 | 12                    |
| Sviðslistir og hátíðahöld             | -3,0%             | 900                            | 680                   | -20                                | 40                    |
| Sjónræn list og handverk              | 36,7%             | 580                            | 460                   | -7                                 | 25                    |
| Bækur og fjölmiðlun                   | 23%               | 3.300                          | 2.500                 | -830                               | -560                  |
| Hljóð, mynd og gagnvirkir miðlar      | 5%                | 1.430                          | 1.130                 | 80                                 | 200                   |
| Hönnun og skapandi<br>þjónustugreinar | -6,6%             | 965                            | 800                   | -150                               | -85                   |
| Alls                                  | 7%                | 7.270                          | 5.600                 | -897                               | -368                  |
| Stoðsvið                              |                   |                                |                       |                                    |                       |
| Ferðaþjónusta                         | 56,6%             | 1.265                          | 625                   | 440                                | 380                   |
| Tómstundir                            | 26,4%             | 95                             | 55                    | 100                                | 0                     |
| Menntun og þjálfun                    | -6,7%             | 640                            | 500                   | -35                                | -12                   |
| Gagnavarsla og viðhald                | 36,7%             | 320                            | 240                   | 170                                | 135                   |
| Búnaður og stuðningsvörur             | 45,5%             | 105                            | 85                    | -30                                | -25                   |
| Alls                                  | 50%               |                                |                       |                                    |                       |
| SAMTALS                               | 17%               | 9.700                          | 7.140                 | -245                               | 115                   |


Heimild: Eigin útreikningar byggðir á gögnum Hagstofu Íslands og ríkisskattstjóra.

Margrét Sigrún og Tómas áætla í sinni rannsókn að „ársverk“ í skapandi greinum hafi verið um 9 þúsund manns sem er um 7% vinnuafslisins. Ekki er ljóst hvaðan þessar upplýsingar um „ársverk“ koma enda engar slíkar birtar opinberlega.<sup>24</sup> Leitað var til ríkisskattstjóra um úrvinnslu úr launamiðum eftir atvinnugreinum árin 2008 til 2012 fyrir landið allt og höfuðborgarsvæðið. Fengust þannig tölur sem eru allfrábrugðnar niðurstöðum fyrrgreindrar rannsóknar og því brugðið á það ráð að ganga út frá tölum þeirra Margrétar Sigrúnar og Tómasar fyrir árið 2009 og nota hlutfallslegar breytingar til 2012 úr hinum nýju gögnum til að áætla þróunina frá þeim tíma. Af tölum ríkisskattstjóra má ráða að árið 2009 hafi 70% starfandi í skapandi greinum búið á höfuðborgarsvæðinu, en mjög mismunandi eftir einstökum greinum. Hlutföllin voru notuð til að áætla „ársverk“ á höfuðborgarsvæðinu.

Þessar tölur um störf í skapandi greinum byggja á áætlun og ber að taka sem slíkum. Störfum í skapandi greinum fækkaði mjög frá 2008 til 2009 eða um 10-12% bæði á landinu öllu og á höfuðborgarsvæðinu. Frá 2009 hefur störfum í þessum greinum fjölgað á höfuðborgarsvæðinu um 10%, en aðeins um rösk 2% á landinu öllu, sem bendir til fækkunar þessara starfa utan höfuðborgarsvæðisins.

<sup>24</sup> Líklega er hér um að ræða úrvinnslu úr launamiðum eftir atvinnugreinum þar sem launamenn eru flokkaðir eftir höfuðatvinnugrein hafi þeir fengið fleiri en einn launamiða.

Töluvert önnur mynd blasir við þegar eingöngu er litið á kjarna skapandi greina, eða það sem í töflunni að ofan er nefnt „svið skapandi greina“. Á því sviði fækkaði störfum um 12-14% frá 2008 til 2009. Störfum frá 2009 til 2012 fjölgaði um 2% á landinu öllu og 6½% á höfuðborgarsvæðinu. Hér kemur ekki síst til mikil fjölgun starfa í þeim hluta ferðaþjónustu sem rata inn í þá skilgreiningu á skapandi greinum sem hér er notuð.



Mynd 23. Vinnsluvirði í ferðaþjónustu, vísitala 2007=100.  
Heimild: Hagstofa Íslands. Eigin útreikningar.

Mynd 24. Vinnsluvirði í skapandi greinum, vísitala 2007=100.  
Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

#### 4.1.2 Ferðaþjónusta

Í vaxtarsamningsverkefninu um framtíð og fjárfestingapörf í ferðaþjónustu<sup>25</sup> voru unnar margvíslegar hagtölur um ferðaþjónustu, þar skiptir mestu að lagðir eru fram sk. ferðaþjónustureikningar fyrir árin 2005 til 2013. Slíkir reikningar gera kleift að meta hlut ferðaþjónustu í þjóðarbúskapnum og leggja mat á framlag greinarinnar til hagvaxtar. Með þessu er bætt úr brýnni þörf þar sem síðustu tölur ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands taka til ársins 2009.<sup>26</sup>

Í töflu 4 er sýnd þróun í nokkrum lykilatvinnugreinum ferðaþjónustunnar sem gefur góða vísbendingu um þá þróun sem átt hefur sér stað í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu en vægi höfuðborgarsvæðisins í heildarvinnsluvirði ferðaþjónustunnar var um 70% á árinu 2011. Störfum í ferðaþjónustu hefur fjölgað verulega eins og taflan sýnir. Af launamiðum má ráða að fjölgunin hafi verið umtalsvert meiri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu.

<sup>25</sup> <http://ssh.is/vaxtarsamningur>.

<sup>26</sup> Boston Consulting.

Tafla 4. Vöxtur ferðaþjónustu 2008-2012.

|                                         | Magnbreyting<br>2008-2012 | Áætlaður fjöldi starfa<br>2008 | Áætluð fjölgun starfa<br>2008-2012 |
|-----------------------------------------|---------------------------|--------------------------------|------------------------------------|
|                                         | Landið allt               | Landið allt                    | Landið allt                        |
| <b>Ferðaþjónusta alls</b> <sup>27</sup> | <b>10%</b>                | <b>9.241</b>                   | <b>7%</b>                          |
| Flugrekstur                             | 19%                       | 1.387                          | 1%                                 |
| Rekstur gististaða                      | 32%                       | 1.262                          | 45%                                |
| Ferðaskrifstofur                        | 40%                       | 633                            | 34%                                |
| Bílaleigur                              | 39%                       | 309                            | 39%                                |
| Ýmis þjónusta tengd farþegaflutn.       | 24%                       | 616                            | 30%                                |
| <b>Efnahagslífið í heild</b>            | <b>-7%</b>                | <b>179.481</b>                 | <b>-7%</b>                         |

Heimild: Hagstofa Íslands ásamt eigin útreikningum, byggðum á gögnum Hagstofu Íslands og ríkisskattstjóra.

Í skýrslunni er jafnframt lögð fram spá um fjölda ferðamanna og á grundvelli hennar eru efnahagsleg umsvif ferðaþjónustu á næstu áratugum áætluð. Framreikningurinn gefur til kynna að störfum í ferðaþjónustu muni fjölga um 3-4 þúsund fram til 2020, þar af á höfuðborgarsvæðinu um 2 þúsund. Ennfremur er farið yfir hlut höfuðborgarsvæðisins í nokkrum lykilatvinnugreinum ferðaþjónustunnar en vægi höfuðborgarsvæðisins í heildarvinnsluvirði greinarinnar var um 70% á árinu 2011.<sup>28</sup>

Á undanförnum árum hefur mikilvægi þjónustuviðskipta farið vaxandi hér eins og víða annars staðar. Framan af tengdist stór hluti þjónustutekna vöruviðskiptum, en með vaxandi ferðalögum almennings og aukinni efnahagslegri samvinnu hefur annar þjónustuútflutningur vaxið verulega. Á árinu 1990 var hlutfall þjónustutekna í heildarútflutningstekjum landsmanna 26%, á árinu 2000 35% og á árinu 2013 var heildarverðmæti þjónustuviðskipta tæplega 417 milljarðar kr. eða rösklega 40% af heildarútflutningstekjum. Þar munar mest um tekjur í ferðaþjónustu hér innanlands, rösklega 207 milljörðum kr. eða 20% af heildarútflutningstekjum, og öðrum samgöngum, um 113 milljörðum kr.

Tengsl ferðaþjónustu við aðrar mikilvægar stoðgreinar eru ekki augljósar í þessum tölum, en þau eru vissulega til staðar. Í könnun<sup>29</sup> sem gerð var meðal erlendra gesta Iceland Airwaves 2012 kemur fram að gestum hafi fjölgað um 46% milli ára og velta án ferðakostnaðar sé um 66%. Ef ferðakostnaður er meðtalin er heildarvelta gestanna tæplega 1,1 milljarður króna.


<sup>27</sup> Breyting í vinnsluvirði. Ferðaþjónusta er hér skilgreind eins í ferðaþjónustureikningum (TSA) Hagstofu Íslands.

<sup>28</sup> Sjá nánar <http://ssh.is/vaxtarsamningur>. Ferðaþjónusta á höfuðborgarsvæðinu. Staða, horfur og fjárfestingarþörf.

<sup>29</sup> Skýrsla um könnun meðal erlendra gesta á Iceland Airwaves 2012, <http://www.uton.is/frodleikur/airwaveskonnun2012>.

Ferðapjónusta á höfuðborgarsvæðinu er í eðli sínu klasi; landfræðileg þyrping fyrirtækja og stofnana á ákveðnu sviði með sameiginlega hagsmuni. Í skýrslu um framtíð ferðapjónustu kemur fram að útgjöld erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu hafi verið um 100 milljarðar króna á árinu 2013. Ætla má að meðalútgjöld<sup>30</sup> á gistinótt á höfuðborgarsvæðinu hafi verið um 58 þúsund krónur á höfuðborgarsvæðinu, eða um 44% hærri en meðalútgjöld á gistinótt á landinu. Af þessu má draga þá ályktun að virðisauki í ferðapjónustu á höfuðborgarsvæðinu sé meiri en á öðrum svæðum. Leiða má líkum að því að virðisauki í ferðapjónustu sé meiri í borgum en á öðrum svæðum. Í Svíþjóð var t.a.m. verð á gistinótt á hótélum í Stokkhólmi að meðaltali um 18% hærri en á landinu í heild.

Mynd 22 sýnir að gjaldeyrstekjur á ferðamann eru hærri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum, nema í Svíþjóð, og víðlíka og í Bretlandi. Ef við berum hins vegar saman tekjur á gistinótt kemur annað í ljós, þá eru tekjur hér á landi lægstar borið saman við sömu lönd eins og fram kemur á mynd 23.



Mynd 25. Gjaldyrstekjur á ferðamann, mælt í bandaríkjadöllum.

Heimild: Eurostat og Alþjóðabankinn.

Mynd 26. Gjaldyrstekjur á gistinótt erlendra ferðamanna, mælt í bandaríkjadöllum.

Heimild: Eurostat og Alþjóðabankinn.

Mjög mismunandi er milli þjóða hversu miklu þær eyða á ferðalögum og greining á því er grundvöllur markaðssetningar í ferðamálum. Samkvæmt UNWTO<sup>31</sup> eyða Kínverjar mestu á ferðalögum erlendis, en á hæla þeirra komar þýskir, bandarískir og breskir ferðamenn. Reiknað er með mikilli fjölgun kínverskra ferðamanna sem koma munu til Evrópu, en gert er ráð fyrir

<sup>30</sup> Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

<sup>31</sup> Heimssamtök í ferðapjónustu (e. World tourism Organization).

að um 3,5<sup>32</sup> milljón kínverskir ferðamenn hafi lagt leið sína til Evrópu á árinu 2013. Hlutfall Kínverja í fjölda gistinóttanna alls hér á landi var 0,8% á árinu 2012, en þeir lögðu til 2,6% gjaldeyristekna. Gjaldyristekjur á hverja gistinótt Kínverja á árinu 2012 voru um 120 þúsund kr., sem er þrefalt á við meðaltal. Hlutfall höfuðborgarsvæðisins í gistinóttum kínverskra ferðamanna var um 72% á árinu 2012.



<sup>32</sup> <http://www.chinadaily.com.cn>.

## 4.2 Efnahagsleg markmið

### 4.2.1 Hvers konar vöxtur?

Hagvöxtur er sú kennitala sem er hvað fyrirferðarmest í efnahagslegri umræðu og oftast en ekki upphaf og þó enn oftast endir umræðna. Kennitalan hagvöxtur tekur til magnbreytingar framleiðslu<sup>33</sup>, en horfir ekki endilega til þess hvort vöxtur sé sjálfbær, í efnahagslegum sem umhverfislegum skilningi, eða hvers eðlis hann er að öðru leyti.

Hagvöxtur hefur vissulega verið töluverður á Íslandi og lífskjör hafa þegar horft er áratugi aftur í tímann batnað umtalsvert. Þegar rýnt er í þann hagvöxt sést að hann hefur jafnan verið reistur á einni undirstöðu í einu og sveiflur í þjóðarbúskapnum má m.a. rekja til þess. Í kjölfar hrunsins hefur þannig ferðaþjónustan dregið vagninn. Þótt margt bendi til frekari möguleika í greininni getur engu að síður brugðið til beggja vona. Ferðaþjónustan er mannaflsfrek, en að ekki sama skapi mannauðsfrek og getur varla staðið undir væntingum vel menntaðs ungs fólks um framtíðaratvinnu.

Ísland býr yfir miklum auðlindum frá náttúrunnar hendi. Þessum auðlindum, fiskstofnum, orku o.fl. eru þó takmörk sett. Takmörk fiskstofna eru vel þekkt og ljóst að vöxtur fiskafna verður varla mikill í framtíðinni. Bætt nýting og hagnýting aukaafurða getur þó aukið aflaverðmæti. Þótt enn sé tæknilega mikil orka óbeisluð hér á landi má ætla að tillit til umhverfismála og náttúruverndar muni takmarka mjög raunhæfa kosti til virkjunar.

Til framtíðar verður því að byggja efnahagslegan vöxt á breiðum grundvelli, þar sem mannauður og þekking sitja í öndvegi. Höfuðborgarsvæðið verður leiðandi í þessari vegferð og því skiptir sköpum að sveitarfélögin á svæðinu leggi traustan grunn fyrir hana.

### 4.2.2 Áhersla á framleiðni og alþjóðageirann

Í spá OECD um efnahagsþróun til ársins 2060<sup>34</sup> er gert ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum muni verða 3% á ári. Hagvöxtur verður mun meiri í þeim ríkjum sem síður eru þróuð og reiknar OECD með að undirliggjandi vöxtur OECD ríkjanna verði á bilinu 1¼% og 2¼% á ári. Þrennt mun skipta mestu um vöxt til lengri tíma: framleiðni, menntun og aldurssamsetning þjóða. Til þess að auka framleiðni skiptir mestu að auka samkeppni á heimamarkaði og sækja stíft á

<sup>33</sup> Nánar tiltekið vöxt landsframleiðslu á föstu verðlagi.

<sup>34</sup> OECD (2012). Looking to 2060: long-term global growth prospects. A Going for Growth Project. <http://www.oecd-ilibrary.org/docserver/download/5k8zxpjsggf0.pdf?expires=1401272393&id=id&accname=guest&checksum=17736AAD56839CFBBFCFBC5512AEAE9D>.

erlenda markaði. Stofnunin gerir ráð fyrir að langtímahagvöxtur á Íslandi verði svipaður og í flestum OECD ríkjum, eða 2,1% á ári og að framleiðni aukist um 1,2% árlega og vinnuafli um 0,7%. Langtíma framleiðnivöxtur verður að mati OECD ívið lægri hér á landi en t.d. annars staðar á Norðurlöndum. Spá OECD er vitaskuld byggð á ákveðnum forsendum um efnahagsstjórn og þróun atvinnulífs.

Skýrsla McKinsey, *Charting a growth path for Iceland*,<sup>35</sup> setur framleiðnina í fókus í leit að hagvaxtarbraut fyrir Ísland. Framleiðni hér á landi er borin saman við framleiðni annars staðar á Norðurlöndum og Bretlandi.

Niðurstaðan er nokkuð ólík OECD, enda um skemmra tímabil ræða og allur heimurinn undir í athugun OECD. Að mati McKinsey er framleiðni hér á landi um 20% lægri en í viðmiðunarlöndunum og lífskjörum er haldið uppi með mikilli atvinnuþátttöku og löngum vinnutíma. Bent er á að ef vinnuframlag á hvern Íslending væri með sama hætti og hjá viðmiðunarþjóðunum væri landsframleiðsla á mann 24% lægri en hún er í dag eða svipuð og Grikkja og Slóvena.

McKinsey skiptir þjóðarbúskapnum í eftirfarandi fjóra geira:

Tafla 5. Skipting McKinsey á þjóðarbúskapnum í fjóra geira.

| Geiri            | Helstu atvinnugreinar/málaflokkar                             |
|------------------|---------------------------------------------------------------|
| Auðlindageiri    | Sjávarútvegur, landbúnaður, orkufrekur iðnaður, ferðaþjónusta |
| Alþjóðageiri     | Iðnaður, hugbúnaður og alþjóðleg þjónusta við atvinnulíf      |
| Opinber þjónusta | Heilbrigðis-, skólamál, almannatryggingar o.fl.               |
| Innlend þjónusta | Fjármálaþjónusta, verslun, staðbundin þjónusta við atvinnulíf |

Til alþjóðageirans flokkast þau fyrirtæki sem eru í samkeppni á erlendum mörkuðum og eru að mestu óháð staðbundnum auðlindum landsins. Auðlindageirinn er einnig útflutningsmiðaður, en hann byggir fyrst og fremst á nýtingu auðlinda landsins.

Kosturinn við þessa einföldu skiptingu er að hún vísar strax til meginuppstrettu vaxtar í hverjum geira. Vöxtur auðlindageirans takmarkast af þeim auðlindum sem hann byggir á. Þjónusta reiðir sig á innlenda eftirspurn og vöxturinn takmarkast af henni. Alþjóðageiranum eru ekki settar ytri skorður með sama hætti og vaxtarmöguleikar hans byggjast á þeirri

<sup>35</sup> McKinsey, Scandinavia (2012). *Charting a Growth Path for Iceland*.  
[http://www.mckinsey.com/locations/copenhagen/our\\_work/how\\_we\\_work/~media/images/page\\_images/offices/copenhagen/iceland\\_report\\_2012.ashx](http://www.mckinsey.com/locations/copenhagen/our_work/how_we_work/~media/images/page_images/offices/copenhagen/iceland_report_2012.ashx).

umgjörð sem atvinnulífinu verður sköpuð og hvernig því tekst að vinna úr henni.

Vöxtur lítils og opins hagkerfis takmarkast af getu þess til að afla gjaldeyris til að standa undir þeim innflutningi sem bætt lífskjör kalla óumflýjanlega á og til að greiða af erlendum lánum. Útflutningur sem byggir í meiri eða minni mæli á auðlindum ber uppi gjaldeyrisöflun landsmanna í dag. Ef stefnt er á 3-4% hagvöxt til ársins 2030 þarf að tvöfalda útflutning vöru og þjónustu að mati McKinsey og ljóst að sú viðbót verður ekki nema að mjög takmörkuðu leyti byggð á auðlindageiranum.

Áskorun McKinsey er um að stækka alþjóðageirann og auka framleiðni í hinum. Mynd 28 sýnir að 45% vinnuafls á höfuðborgarsvæðinu starfar í innlendri þjónustu og 28% í opinberri þjónustu. McKinsey kallar eftir stórauðinni framleiðni í þessum greinum og að vinnuafl færist úr þessum greinum í alþjóðlega geirann. Þetta er sú áskorun sem tekist er á við í vaxtarsamningi með þeim áherslum sem eru á greinar sem vænta má hraðs vaxtar á næstu áratugum og áherslu á nýsköpun. Samráðsvettvangur um aukna hagsæld tók við keflinu af McKinsey og hefur m.a. útfært nánar ýmsar tillögur McKinsey.<sup>36</sup>


#### **4.2.3 Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins, McKinsey-skýrslan og tillögur Samráðsvettvangs**

Vaxtarsamningur höfuðborgarsvæðisins tekur mið af ramma McKinsey og Samráðsvettvangs. Markmið samningsins er þannig að stuðla að framleiðniaukningu sem nemur 1,6% á landsvísu og að hagvöxtur verði 3,5%. Greining á hagkerfi höfuðborgarsvæðisins í þá fjóra megingeira sem McKinsey leggur til grundvallar er sýnd í myndum 27 og 28 og taka tölur til ársins 2011. Annars vegar er litið á hlut hvers geira í landsframleiðslu (vinnsluvirði), á landinu öllu, höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð og hins vegar með sama hætti á skiptingu vinnuaflsins.

Enginn munur er á vægi opinberrar þjónustu á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð, vægi landsframleiðslu er 20% og í vinnuafli 27-28%. Hins vegar er töluverður munur á innlendri þjónustu sem er röskur helmingur af landsframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu, en vegur 22% á landsbyggð. Samsvarandi munur er á hlutdeild í vinnuafli. Mikill munur er, sem vænta má, á vægi auðlindageirans. Hann skilar röskum helmingi landsframleiðslu á

<sup>36</sup> Sjá <http://samradsvettvangur.is/>.

landsbyggðinni en aðeins 14% á höfuðborgarsvæðinu. Alþjóðageirinn vegur þyngra á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggð, með 14% framlag til landsframleiðslu á höfuðborgarsvæðinu og 7% á landsbyggð.



Mynd 27. Skipting vinnsluvirðis milli geira og landssvæða.  
Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Mynd 28. Skipting vinnuafis milli geira og landssvæða.  
Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

Fámenni og fjarlægð frá öðrum mörkuðum eru meginskýringar lágrar framleiðni hér á landi. Þessir þættir draga úr samkeppni og leggja grunn að fákeppni. Mestu skiptir til að auka framleiðni að:

- Opna hagkerfið
- Stuðla að heilbrigðri samkeppni

Opnun hagkerfi og samkeppni eru nátengd. Í litlu hagkerfi er besta leiðin til að auka samkeppni að opna hagkerfið þannig að markaðir stækki og innlendir aðilar fái samkeppni að utan. Rannsóknir og reynsla sýna að samkeppni á innanlandsmarkaði leiðir til opnunar hagkerfa. Flest fyrirtæki sem hasla sér völl í útflutningi hafa komið sér í sterka stöðu í samkeppni á innanlandsmarkaði.



Tafla 6. Tillögur samráðsvettvangs og sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins.

|                  | Markmið                                                                           | Tillögur Samráðsvettvangs                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          | Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
|------------------|-----------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Alþjóðageiri     | Vöxtur 4,9% á ári.<br>Fjöldun starfa 2,2% á ári.<br>Framleiðniaukning 2% á ári.   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hærra menntunarstig með styttingu grunn- og framhaldsskólanáms</li> <li>Hvatning til að fjölga tækni- og raungreinamenntuðum</li> <li>Skattaívilnanir og forgangsafgreiðsla fyrir erlenda sérfræðinga</li> <li>Opinbert fjármagn til rannsóknarstarfs verði nýtt með skilvirkari hætti</li> <li>Öflug fjárfestingaeining einkaaðila og hins opinber á sprota- og vaxtarstigi</li> <li>Skattaleg hvatning til fjárfestinga í nýsköpun verði eflað</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>Nýsköpunarumhverfi</li> <li>Myndun klasa í heilbrigðistækni á svæðinu.</li> <li>Þekkingariðnaður í Vatnsmýri</li> <li>Alþjóðlegt og frjótt borgarsamfélag</li> <li>Efing hraðvaxtargreina</li> <li>Sóknarfæri skapandi greina</li> <li>Sameiginleg markaðssetning höfuðborgarsvæðisins</li> </ul> |
| Auðlindageiri    | Vöxtur 2,6% á ári.<br>Fjöldun starfa 0,9% á ári.<br>Framleiðniaukning 1% á ári.   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Samræmd stjórnun auðlinda</li> <li>Bætt leyfisveitingaferli</li> <li>Arðbærari orkuframleiðsla</li> <li>Tækifæri í sæstreng</li> <li>Sjálfbær uppbygging ferðamannastaða</li> <li>Langtímasamningar í fiskveiðum</li> <li>Skilvirkt stuðningskerfi landbúnaðar</li> </ul>                                                                                                                                                                                   | <ul style="list-style-type: none"> <li>Skynsamleg uppbygging ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu</li> <li>Hagkvæm landnýting á höfuðborgarsvæðinu (svæðisskipulag)</li> </ul>                                                                                                                                                             |
| Opinber þjónusta | Vöxtur 3,4% á ári.<br>Fjöldun starfa 0,9% á ári.<br>Framleiðniaukning 1,6% á ári. | <ul style="list-style-type: none"> <li>Sameining stofnana</li> <li>Efling sveitarstjórnarstigsins</li> <li>Heildstæð innkaupastefna</li> <li>Skilvirkari þjónustusamningar</li> <li>Aukið rafrænt þjónustuframboð</li> <li>Betri heilbrigðisþjónusta</li> <li>Skilvirkara grunnskólastig</li> <li>Meiri atvinnuþátttaka öryrkja</li> </ul>                                                                                                                                                         | <ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoðun virðisaukaskattsumhverfis opinbera geirans</li> <li>Rekstrarsamanburður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu</li> <li>Aðgerðaáætlun um skóla í fremstu röð</li> </ul>                                                                                                                   |
| Innlend þjónusta | Vöxtur 4,9% á ári.<br>Fjöldun starfa 0,3% á ári.<br>Framleiðniaukning 1,9% á ári. | <ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnvöld og atvinnulíf starfi saman að eflingu samkeppnisumhverfis</li> <li>Stjórnvöld framkvæmi samkeppnismat við reglusetningu</li> <li>Stuðlað verði að meiri samkeppni á búvörumarkaði</li> <li>Ráðist verði í átak til að einfalda regluverk</li> <li>Neysluskattar verði jafnaðir og einfaldaðir</li> <li>Áskorunum vegna skuldsetningar atvinnulífs verði mætt með skilvirkum hætti</li> </ul>                                                     | <ul style="list-style-type: none"> <li>Hágæða samgöngukerfi</li> <li>Sóknarfæri skapandi greina</li> </ul>                                                                                                                                                                                                                               |

### Alþjóðageirinn á höfuðborgarsvæðinu

Höfuðborgarsvæðið gegnir lykilhlutverki í framþróun alþjóðageirans. Með alþjóðlegum en sérstökum borgarbrag og fjölbreyttu mannlífi mun svæðið styrkja samkeppnishæfni Íslands í alþjóðageiranum. Götur erlendrar fjárfestingar í þekkingargreinum og hátækni á höfuðborgarsvæðinu greiðast ekki hvað síst með aðlaðandi umhverfi sem erlendum sérfræðingum og stjórnendum verður boðið uppá. Uppbygging miðstöðvar þekkingargreina í Vatnsmýrinni mun styðja kröftuglega við vöxt alþjóðageirans. Verkefnið um

heilbrigðisklasa, með áherslu á heilbrigðistækni, er enn annað verkefni vaxtarsamnings sem styrkja mun alþjóðageirann. Kortlagning nýsköpunarumhverfis með tillögum um úrbætur og kynningu á því ber að sama brunni. Þótt skapandi greinar séu ekki taldar með alþjóðageiranum í skiptingu McKinsey hafa þær margvíslegar tengingar við hann. Þá er horft til þess að skapandi greinar afla nú þegar töluverðra útflutningstekna og möguleikar á frekari landvinningum gætu verið handan við hornið.<sup>37</sup> Ekki síður er þó litið til mikilvægis skapandi greina í að móta borgarbrag og –menningu.

Undirstaða öflugs atvinnulífs í dag er mannauðurinn. Mikilvægasta framlag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til þess að ná markmiðum um vöxt alþjóðageirans eru skólamál. Í kafla 2.1.5 hér að ofan kemur fram að í menntamálum þarf að gera miklu betur til að treysta undirstöður alþjóðageirans. Menntamál móta því atvinnustefnu og þungt á vogarskálinni hvílir sóknaráætlunarverkefnið um *Skóla í fremstu röð*.

### **Auðlindageirinn á höfuðborgarsvæðinu**

Eins og myndir 27 og 28 sýna er vægi auðlindageirans miklu minna á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Sjávarútvegur er engu að síður verulegur á höfuðborgarsvæðinu og 17% úthlutaðs aflamarks fiskveiðisársins 2012/2013, mælt í þorskígildistönnum, kom í hlut útgerða á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík er stærsta verstöð landsins, með 14% aflamarks. Reiknað í þorskígildistönnum var um 18% heildarafla landað í höfnum á höfuðborgarsvæðinu. Enn má nefna að 37% sjávarvöruútflutnings landsmanna voru flutt út frá Faxaflóahöfnum árið 2011.<sup>38</sup>

Öflugur sjávarútvegsklassi er á höfuðborgarsvæðinu. Margvísleg þjónusta við greinina um land allt er á svæðinu, rannsóknar- og stjórnsýslustofnanir, þar sem hagkvæmni stærðar og breiddar eru ráðandi um staðsetningu. Óbeint framlag sjávarútvegs til verðmætasköpunar á höfuðborgarsvæðinu er því mikið og áætlað hefur verið að um sé að ræða 50-60% af óbeinu framlagi sjávarútvegs á landinu öllu.<sup>39</sup>

Jafnt veiðar sem vinnsla sjávarafurða verða æ tækni- og tölvuvæddari. Þá þjónustu munu sjávarútvegsfyrirtæki sækja fyrst og fremst til

<sup>37</sup> Sögur herma að sænska hljómsveitin ABBA hafi aflað Svíum meiri gjaldeyristekna á hátindi frægðar sinnar en Volvo. Fleiri hljómsveitir komu í kjölfarið og tónlistarútflutningur Svía nemur nú um 150 m.USD, sjá <http://www.ft.com/intl/cms/s/2/55f7bdf6-40c4-11e3-ae19-00144feabdc0.html#axzz3300MlnJH>.

<sup>38</sup> Ásgeir Friðrik Heimisson. (2013). Umfang sjávarútvegs á Faxaflóahafnarsvæðinu. Unnið fyrir Faxaflóahafnir.

<sup>39</sup> Ásgeir Friðrik Heimisson. (2013).

höfuðborgarsvæðisins. Þekking og reynsla Íslendinga á sjávarútvegi hefur verið mikill hvati í alþjóðageiranum. Marel er þar flaggskipið, en önnur fyrirtæki s.s. Marorka, Stjörnu-Oddi, Primex og Zymetech, hafa sótt fram. Líftækni og rannsóknir gegna lykilhlutverki í að bæta nýtingu hráefnis úr sjó. Samkvæmt greiningu Íslenska sjávarklasans eru á annan tug líftæknifyrirtækja í hinum íslenska sjávarklasa með framleiðslu á víðu sviði s.s. lyf og lækningavörur, snyrtivörur og fæðubótarefni, með áætlaða veltu upp á 3 milljarða króna 2012.<sup>40</sup> Mörg fyrirtækjanna eru á höfuðborgarsvæðinu.

Álfraframleiðsla er hluti auðlindageirans enda byggir sú framleiðsla á Íslandi á raforku. Álverksmiðja Alcan í Straumsvík, í útjarði höfuðborgarsvæðisins, hefur framleiðslugetu upp á 188.000 tonn og starfa þar um 480 manns.

### **Opinber þjónusta: áskoranir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

Tillögur Samráðsvettvangsins eru að sveitarfélögunum verði falin fleiri verkefni og að þeim verði fækkað verulega, t.d. niður í tólf. Sameining sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er ekki í auglýsingu og takmarkaður pólitískur stuðningur við hana. Í þessu felast þó mikil tækifæri sem nýta má. Hið opinbera býr við litla samkeppni og opnun hagkerfis skiptir það minna máli en einkafyrirtæki. Engu að síður gildir að til að auka framleiðni í þessum geira er samkeppni lykilorðið. Samkeppni má innleiða á sveitarstjórnarstigi með:

- Meiri útvistun<sup>41</sup>
- Rekstrarsamanburði milli sveitarfélaga

Með fleiri útboðum og meiri útvistun má koma á samkeppni á afmörkuðum sviðum. Auðvelt ætti að vera að gera ítarlegan samanburð á rekstri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í einstökum verkefnum, enda búa þau við sömu bókhaldslykla og skilgreiningar í bókhaldi og eru á sama atvinnusvæði. Fjöl margar fyrirmyndir má finna annars staðar á Norðurlöndum,<sup>42</sup> sem taka bæði til rekstrar og þjónustugæða.<sup>43</sup> Í kjölfarið ættu sveitarfélögin að setja sér sameiginleg markmið um framleiðnivöxt og

<sup>40</sup> Sjávarklasinn (2013). Mesti vöxtur sjávarklasans í líftækni og annarri fullvinnslu. Greining Sjávarklasans 3. október 2013. [http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2013/10/GreiningSj%C3%A1varklasans\\_03.10.2013.pdf](http://www.sjavarklasinn.is/wp-content/uploads/2013/10/GreiningSj%C3%A1varklasans_03.10.2013.pdf).

<sup>41</sup> Í vaxtarsamningskýrslu um skattaumhverfið er skoðað í hvaða mæli virðisaukaskattskerfið hindrar útvistun verkefna sveitarfélaga.

<sup>42</sup> Hér má nefna nýlegt verkefni: Jesper Wittrup, Kurt Houlberg, Anne Line Tenney Jordan og Peter Bogetoft (2013) Notat om kommunal benchmarking: Service og produktivitet i 94 kommuner. Kora. <http://www.kora.dk/media/763551/service-og-produktivitet-i-94-kommuner.pdf>.

<sup>43</sup> [http://en.wikipedia.org/wiki/Best\\_Value\\_Performance\\_Indicator#History\\_of\\_Best\\_Value](http://en.wikipedia.org/wiki/Best_Value_Performance_Indicator#History_of_Best_Value).

gætu í því efni haft árangur sveitarfélaga annars staðar á Norðurlöndum sem viðmiðun, „bench-mark“. Augaleið gefur að fela SSH umsjón með þessu verkefni, sem fæli óháðum ráðgjöfum verkið að öðru leyti.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu reka í sameiningu byggðasamlög um tiltekin verkefni. Auka má samvinnuna á margvíslegum sviðum. Í tillögum Samráðsvettvangsins er hvatt til virkari innkaupastefnu opinberra aðila og sveitarfélaga sérstaklega. Sameiginleg innleiðing rafrænna innkaupa með græn markmið að leiðarljósi er vafalítið til þess fallin að auka hagkvæmni í rekstri sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eins mætti athuga að sveitarfélögin skoði kosti þess að sameinast, öll eða færri, um ýmiss konar stoðþjónustu. Með þeim hætti mætti nýta meginkosti sameiningar er varðar lækkun stjórnsýslukostnaðar.

### **Innlend þjónusta og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu**

Lág framleiðni einkennir innlenda þjónustu hér á landi í samanburði við aðrar þjóðir eins og fram kemur í McKinsey skýrslunni. Smæð samfélagsins er vafalítið meginskýring þessa. Hún kemur í veg fyrir að hægt sé að nýta kosti stærðarhagkvæmni, án þess að ábatinn eyðist með einokun eða fákeppni á markaði. Innlend þjónusta vegur þungt í hagkerfi höfuðborgarsvæðisins eins og myndir 27 og 28 sýna, eða 51% í vinnsluvirði 2011 og 45% í vinnuafli. Ef markmið um að ná framleiðni viðmiðunarríkjanna er nauðsynlegt að auka framleiðni verulega í þessum geira.

Áskoranir sveitarfélaganna varðandi innlenda þjónustu liggja fyrst og fremst í skipulags- og byggingamálum. Skipulagsvald sveitarfélaga getur haft á áhrif á samkeppni í þessum geira með margvíslegum hætti. Hér má nefna staðsetningu og fjölda bensínstöðva, en einnig skipulag varðandi verslunarhúsnæði. Sveitarfélögin þurfa að bregðast við áskorun Samráðsvettvangsins um að efla samkeppnisumhverfið.

Í aðdraganda hrunsins blés upp mikil fasteignabóla sem síðar sprakk með hveli. Skipulagsvald sveitarfélaganna er mikilvægt til að koma í veg fyrir að sú saga endurtaki sig. Mestu skiptir að sveitarfélögin hafi góða yfirsýn yfir ástand og þróun byggingarmála. Á þetta skortir mjög og mikill skortur er enn á haldgóðum tölum um byggingarstarfsemi.

## 5 Viðauki: Tölfræði og gagnagrunnar

Samkvæmt verkefnislýsingu skal teikna upp „tæmandi mynd af fyrirbyggjandi gagnagrunnum“ og koma á markvissu samtali við þá sem ábyrgð bera á þeim. Margvíslegar uppsprettur tölfræði (gagnagrunnar) eru til í landinu og tæmandi mynd af þeim verður traúðla gefin í afmörkuðu verkefni. Hér verður farið yfir tölfræði og (opna) gagnagrunna sem mestu skipta við stefnumótun í atvinnu- og svæðisskipulagi.

Mikilvægt er fyrir stefnumótun og eftirfylgni með stefnu að ganga megi að áreiðanlegum hagtölum um sem flest svið atvinnu- og þjóðlífs. Sveitarfélög hafa þörf fyrir umfangsmiklar upplýsingar í þessa veru til að fá skýra mynd af þeim lykilkáttum sem móta munu þróun næstu áratuga.

Í lögum Hagstofu Íslands<sup>44</sup> segir; að hún sé miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og hafi forustu um tilhögun, samræmingu og framkvæmd hennar svo og um samskipti við alþjóðastofnanir um hagskýrslu- og tölfræðimál. Í 2. gr. laga um Hagstofu Íslands (nr. 16372007) segir: „Hagstofa skal ákveða [hagskýrsluverkefni] og forgangsraða með hliðsjón af þörfum stjórnvalda fyrir tölfræðilegar upplýsingar til stefnumótunar og ákvarðana um þjóðfélagsmál, alþjóðlegum skuldbindingum ríkisins um gerð hagskýrslna og af þörfum og óskum almennings, aðila vinnumarkaðarins, atvinnurekstrar og rannsóknar- og menntastofnana fyrir tölfræðilegar upplýsingar. Í þessu skyni skal stofnunin hafa virkt samráð við þessa aðila.“

Á undanförnum árum hefur miðlæg staða Hagstofu Íslands styrkst með sama hætti og uppi á teningnum er annars staðar á Norðurlöndum. Nefna má tölfræði um sjávarútveg, en Hagstofa tók yfir verkefni sem Fiskifélag Íslands hafði áður með höndum, eða fram til 1998. Bændasamtökin önnuðust lengstum söfnun hagtalna um landbúnað, sem Hagstofa tók yfir árið 2011. Loks má nefna að Hagstofan tók yfir þá launatölfræði sem aðilar vinnumarkaðarins sáu áður um, annars vegar á almenna vinnumarkaðnum og hins vegar hinum opinbera.

Þá hefur EES samningurinn skipt máli fyrir opinbera tölfræði á Íslandi. Í 76. grein samningsins er fjallað um um hagskýrslugerð. Er þar kveðið á um að samningsaðilar skuli „ tryggja úrvinnslu og dreifingu samfelldra og sambærilegra hagskýrslna sem lýsi og geri kleift að fylgjast með öllum þeim

<sup>44</sup> Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007.

þáttum sem máli skipta á sviði efnahags-, félags- og umhverfismála á Evrópska efnahagssvæðinu.“

## 5.1 Hagstofa Íslands

### 5.1.1 Lýðfræði

Þjóðskrá er elsti gagnagrunnurinn sem starfræktur er í landinu, en hún var tekin í notkun 1953. Þjóðskrá er sískráning og tók við af manntölum og prestaskýrslum.<sup>45</sup> Hagstofa vinnur tölfræði sína um mannfjölda á grundvelli skrárinnar. Þessi tölfræði er allítarleg, greind eftir kyni, aldri og búsetu. Ríkisfang, fæðingarland og annar bakgrunnur íbúa er tiltölulega ný viðbót. Jafnframt eru ítarlegar upplýsingar um breytingar á mannfjölda og skipting í náttúrulega fjölgun og búferlaflutninga. Hagstofan gefur út tölur um mannfjölda og breytingar hans eftir ársfjórðungum frá og með 4. ársfjórðungi 2009.

Grunnur þjóðskrár er einstaklingurinn. Einstaklingar hanga saman í þjóðskrá í sambúð hvers konar og vegna forræðis yfir börnum. Þegar einstaklingur er orðinn 18 ára rofna tengsl hans við foreldra sína í tölfræðiheiminum. Af þessum ástæðum er tölfræði um heimili og heimilisgerð mjög fátækleg hér á landi, þar sem einstaklingar sem orðnir eru 16 ára eru taldir sjálfstæð heimili. Þetta er mjög bagalegt fyrir vinnu við skipulagsmál o.fl. sem er á könnu sveitarfélaga.

Manntöl eru tekin reglulega í EES löndunum og er Ísland aðili að manntalsverkefni sem tekur til ársins 2011. Manntalið 2011 er ólíkt fyrri manntölum að því leyti að ekki er lengur farið til heimila landsins og upplýsingar um þau og húsnæði þeirra skráð. Manntal 2011 verður þannig „rafrænt“ og byggt að öllu leyti á stjórnsýsluskrám og sérstökum gagnasöfnunum Hagstofunnar sem hún stóð fyrir 2011 til 2012. Með manntalinu verður bætt úr brýnni þörf, m.a. um heimilistölfræði, starfsstöð, menntun, íbúðarhúsnæði o.fl. Fyrirhugað er að gefa út fyrstu niðurstöður sumarið 2014.<sup>46</sup>

Hagstofan uppfærir og gefur út framreikning mannfjölda, stundum nefnt mannfjöldaspá, með reglulegu millibili. Framreikningur Hagstofu tekur eingöngu til landsins alls, en ekki eru gerðar mannfjöldaspár eftir landshlutum. Það er bagalegt og nauðsyn þessa nú meiri vegna nýrra kvaða á

<sup>45</sup> Tölur um mannfjölda ná aftur til fyrsta manntalsins 1703 og samfelldar upplýsingar um mannfjölda frá 1734.

<sup>46</sup> Sjá nánar <http://hagstofa.is/Pages/2982>.

sveitarfélög við fjárhagsáætlanagerð til lengri og skemmri tíma. Við skipulagsvinnu sveitarfélaga er ekki síður mikilvægt að fyrir liggi framreikningur íbúafjölda sem ekki byggir bara á þeirri óskhyggju sem stundum vill brenna við.<sup>47</sup> Finna þarf þessum verkefnum farveg, en í þeim þurfa margir að taka þátt, svo sem landshlutasamtök, sveitarfélög, Byggðastofnun og Skipulagsstofnun, auk grunnvinnu Hagstofu Íslands.

### 5.1.2 Vinnumarkaður

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands hófst árið 1991. Um er að ræða úrtakskönnun og eru í hverjum ársfjórðungi 4.000 einstaklingar á aldrinum 16–74 ára valdir af handahófi úr þjóðskrá. Úrtakið er endurnýjað með reglulegum hætti, þannig að leitað er til hvers einstaklings í fimm skipti. Könnunin er sífelld og eru niðurstöður um atvinnuleysi birtar með mánaðartíðni (f.o.m. 2003), en ítarlegri niðurstöður með ársfjórðungstíðni. Spurningakönnunin er samræmd evrópskum könnunum sem tryggir samanburðarhæfni.

Birtar eru ýmsar niðurstöður um vinnumarkað á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggð í heild. Ýmsar upplýsingar eru þó aðeins tiltækar fyrir landið allt. Ýmsar mikilvægar upplýsingar sem eru í gagnagrunninum eða ætla má að þar sé að finna, eru ekki birtar.<sup>48</sup> Hér má nefna ítarlegri greiningu á atvinnugreinum og -stéttum, búsetu og starfsstöð. Eins má finna að því að Hagstofan birtir á heimasíðu sinni tölur um atvinnustöðu fólks að 74 ára aldri og í aldurskiptingu er elsti hópurinn 55-74 ára. En augljóst er að staða fólks á svo löngu aldursbili er mjög mismunandi. Fyrir greiningu á atvinnulífi landsmanna er nauðsynlegt að fá ítarlegri upplýsingar um atvinnugreinaskiptingu. Loks má hér nefna að engar tölur eru til um ársverk, því að skilgreining á starfandi fólki er að það hafi unnið a.m.k. eina klukkustund í viðmiðunarviku.

### 5.1.3 Tekjur og laun

Hagstofa Íslands stendur að reglubundinni launarannsókn á íslenskum vinnumarkaði. Á almennum vinnumarkaði er um að ræða úrtak fyrirtækja með tíu eða fleiri starfsmenn og upplýsingum safnað um laun 30 þúsund launþega þeirra. Á opinberu hliðinni er um að ræða alla ríkisstarfsmenn sem fá greitt frá fjársýslu ríkisins og fjórtán sveitarfélögum. Launaupplýsingar eru fengnar rafrænt um öll störf og er gagna aflað mánaðarlega rafrænt frá

<sup>47</sup> Hér er vísað til frumvarps um opinber fjármál sem fjármálaráðherra hefur lagt fram.

<sup>48</sup> Ekki er að sjá að spurningar hafi verið birtar opinberlega.

launagreiðendum. Þau atriði sem safnað er í launaránnsókninni eru þegar til staðar í launahugbúnaði fyrirtækja. Safnað er ítarlegum upplýsingum um laun, launakostnað, greiddar stundir og ýmsa bakgrunnspætti starfsmanna og launagreiðenda. Samræmd gögn um almenna og opinbera vinnumarkaðinn eru í gagnagrunni Hagstofu allt til ársins 2008. Birtir Hagstofa mánaðarlegar tölur um laun, launaþróun og –dreifingu. Aðeins eru birtar upplýsingar fyrir landið í heild, en fyrirhugað er að birta tölur um höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggð hins vegar. Ennfremur eru áform uppi um að greina upplýsingar eftir menntun.

Tölfræði Hagstofu um tekjur einstaklinga má finna í lífskjararánnsókninni sem er hluti af samræmdri lífskjararánnsókn ESB. En þar er brugðið ljósi á tekjudreifingu og ýmsa félagslega og hagræna þætti, s.s. vanskil og erfiðleika við að ná endum saman, húsnæðiskostnað o.fl. Um er að ræða úrtaksathugun. Einnig eru birtar upplýsingar um meðaltekjur einstaklinga með ýmsu niðurbroti eins og aldri, hjúskaparstöðu og skattaumdæmum. Upplýsingar um tekjur fólks eru fengnar úr skattframtölum.

#### **5.1.4 Fyrirtæki og velta**

Tölfræði Hagstofu um fyrirtæki og veltu er byggð á nokkrum gagnagrunnum. Upplýsingar um fjölda fyrirtækja og nýstofnun er byggð á fyrirtækjaskrá sem nú er rekin af ríkisskattstjóra. Fyrirtækjaflóran og lýðfræði fyrirtækja er gagnlegur kvarði á heilbrigði atvinnulífs. Úrvinnsla úr skránni er mjög takmörkuð og þannig telst ný kennitala starfandi fyrirtækis nýstofnað fyrirtæki. Annað úrlausnarefni sem mikilvægt er fyrir sveitarfélög er að varpa ljósi á starfsstöðvar fyrirtækja sem eru með fleiri en eina slíka. Í mörgum tilvikum er skráning fyrirtækja í atvinnugreinar óáreiðanleg.

Hagstofan hefur yfir að ráða skrá yfir ársreikninga fyrirtækja, sem byggð er á samræmdum skattskilum. Yfirlitið nær til ársreikninga á fjórða tugs fyrirtækja, þ.e. lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Hagstofa birtir þessar upplýsingar sem „paraðan samanburð“, þ.e. sömu fyrirtæki á samliggjandi árum. Sú aðferð hefur í senn kosti og galla. Birting er ítarleg er varðar tekjur og útgjöld fyrirtækja. Hins vegar er aðeins birt flokkun eftir atvinnugreinum og þannig er ekki um skiptingu milli landssvæða að ræða, eða t.d. eftir stærð fyrirtækja o.fl.

Bágborin fyrirtækjatölfræði er óneitanlega einn helsti akkilesarhællinn í íslenskri tölfræði og þar sem við stöndum hvað höllustum fæti gagnvart Evrópusamvinnu. Fyrirtækjatölfræðin er bráðnauðsynleg til að geta fylgst

með framgangi atvinnustefnu og allri stefnumótun í efnahags- og atvinnumálum. Í því skyni að bæta hér um var sótt um IPA<sup>49</sup> styrk til Evrópusambandsins sem og fékkst. Sem alkunna er hefur ríkisstjórn Íslands tilkynnt um viðræðuslit og Evrópusambandið dró í kjölfarið til baka IPA styrki, þ.á m. um fyrirtækjatölfræði.

Hagstofa tekur saman og birtir tölur um veltu fyrirtækja, sem byggðar eru á virðisaukaskattskilum. Eru tölur sundurliðaðar eftir atvinnugreinum og tímabilum. Hins vegar eru ekki birtar tölur nema fyrir landið allt. Víða erlendis fylgjast borgir/svæði sérstaklega með veltu á sínu svæði. Full ástæða er fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að hafa þann hátt á.

#### 5.1.5 Framleiðsla

Uppgjör þjóðhagsreikninga er um margt flaggskipið í opinberri hagskýrslugerð og byggir það á fjölmörgum gagnagrunnum Hagstofu og fleiri aðila. Frá sjónarmiði atvinnustefnu skiptir framleiðsluuppgjórið mestu máli. Það sýnir í hvaða atvinnugreinum landsframleiðslan myndast, en framleiðsluuppgjör byggir að mestu á stöðluðum skattframtölum rekstraraðila í öllum atvinnurekstri. Ráðstöfunaruppgjórið er hins vegar það sem oftast er vísað til, enda það lagt til grundvallar við efnahagsspár og -stjórn. Tölur Hagstofu um ráðstöfunaruppgjör ná allt aftur til 1945 á ársgrundvelli, en ársfjórðungstölur eru tiltækar frá 1997. Þriðja uppgjórið er tekjuskiptingaruppgjör, þar sem sjónum er beint að tekjum og gjöldum einstakra geira, s.s. heimilageira, hinu opinbera og fyrirtækjum. Jafnframt er í tekjuskiptingaruppgjóri lýst eignum og skuldum hvers geira. Hagstofan hefur birt tölur um heimilageirann og opinbera geirann. En mikið verk er óunnið varðandi tekjuskiptingaruppgjör.

Hagstofa birtir engar tölur um þjóðhagsreikninga eftir landshlutum, sem þó er gert í þeim ríkjum sem við berum okkur helst saman við. Eins og nefnt er hér að ofan hafa Byggðastofnun og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands unnið og gefið út tölur um hagvöxt eftir landshlutum.

#### 5.1.6 Utanríkisviðskipti

Það er einkennandi í flestum ríkjum að samfelld tölfræði um utanríkisviðskipti nær lengra aftur en flest önnur tölfræði. Ísland er engin undantekning í þessum efnum.

---

<sup>49</sup> Skammstöfunin IPA stendur fyrir *Instrument for Pre-accession Assistance* sem þýdd hefur verið sem fjármögnunarleið við foraðildarstuðning.

Útflutningur sjávarafurða og landbúnaðarafurða er flokkaður mjög ítarlega í opinberum gögnum. Hins vegar er mikill skortur á upplýsingum um útflutning nýrra greina og þá ekki síst um þjónustuútflutning þeirra. Á þetta hefur margoft verið bent, s.s. í tillögum og framtíðarsýn Hugverka- og sprotapings, þar sem jafnframt eru lagðar fram tillögur um úrbætur.<sup>50</sup> Afar erfitt er að fylgjast með framgangi alþjóðageirans án betri gagnagrunns um utanríkisverslun.

#### 5.1.7 Fjárhagur sveitarfélaga

Hagstofan safnar upplýsingum um fjárhag sveitarfélaganna. Sveitarfélögin senda Hagstofunni rafrænt tölur sem byggja á samræmdum grunni um ársreikninga, ársfjórðungsuppgjör og fjárhagsáætlanir til lengri og skemmri tíma.

## 5.2 Þjóðskrá

Þjóðskrá Íslands varð til við samruna Þjóðskrár og Fasteignamats ríkisins árið 2010. Stofnunin rekur annars vegar þjóðskrá, sem fyrr er nefnd, og fasteignaskrá. Í síðarnefndu skránni eru færðar grunnupplýsingar um mannvirki, lönd og lóðir og spildur auk mannvirkja sem á þeim standa. Meðal grunnupplýsinga eru stærð lóða og mannvirkja, byggingarefni og lýsing á viðkomandi mannvirki, auk fasteigna- og brunabótamats. Fasteignaskrá geymir til viðbótar upplýsingar um þinglýst réttindi, svo sem um eigendur, veðbönd og kvaðir. Hér er um að ræða skrá sem er afar mikilvæg fyrir sveitarfélögin, enda myndar hún grunninn að fasteignamati.

Byggingarfulltrúar sveitarfélaga skrá upplýsingar beint inn í fasteignaskrá og á þar að setja inn upplýsingar um íbúðir í smíðum eftir matsstigi (s.s. fókelt, tilbúið undir tréverk, fullbúið). Hér er um að ræða mjög mikilsverðan gagnagrunn um stöðu fasteignamarkaðar. Þjóðskrá birtir engar upplýsingar úr þessum grunni. Hagstofa birtir hins vegar tölfræði byggða á þessum upplýsingum er taka til landsins alls, höfuðborgarsvæðisins og Reykjavíkur. Þörf er á meiri upplýsingum eftir sveitarfélögum. Mikill skortur er á upplýsingum um byggingu atvinnuhúsnaðis, engar opinberar tölur eru til, en greiningardeildir bankanna hafa af og til ráðist í samantekt um nýsmíði atvinnuhúsnaðis.

<sup>50</sup> <http://www.si.is/media/nyskraning-og-throun/Thingnefndartillogur.pdf>.

Þjóðskrá tekur saman og birtir mikilvægar upplýsingar um fasteignamarkað, s.s. um veltu á markaði og um verð og verðþróun. Eru þær aðgengilegar á vef Þjóðskrár ([www.skra.is](http://www.skra.is)) og birtar á mánaðargrundvelli.

### 5.3 Ríkisskattstjóri

Embætti ríkisskattstjóra (RSK) ræður yfir allnokkrum gagnagrunnum sem byggja á framtölum og skilagreinum vegna ýmissa skatta, auk þess sem embættið rekur Fyrirtækjaskrá. Þessir grunnar eru í raun undirstaða í margvíslegri opinberri tölfræði, einkum í þjóðhagsreikningum og fyrirtækjatölfræði.

Framtöl einstaklinga hafa um langt skeið myndað grunn að tölum um tekjur og eignir einstaklinga. Embætti ríkisskattstjóra birtir á heimasíðu sinni ([www.rsk.is](http://www.rsk.is)) samantekt um framtöl eftir skattaumdæmum. Sá hængur er á að höfuðborgarsvæðið er ekki eitt skattaumdæmi, þar sem Reykjavík er sér en önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu falla undir Reykjanes. Upplýsingar á heimasíðu ríkisskattstjóra miðast við skattumdæmi.

Samræmd skattframtöl lögaðila (fyrirtækja) eru frumgögn fyrir framleiðsluuppgjör þjóðhagsreikninga. Tölur ríkisskattstjóra um virðisaukaskatt eru mikilvægar m.a. sem vísbending um veltu. Eru þær birtar á heimasíðu Hagstofu Íslands, einnig hjá Rannsóknarsetri verslunarinnar, [www.rsv.is](http://www.rsv.is). Sem vonlegt er, eru gagnagrunnar RSK ekki opnir, en embættið tekur að sér einstakar sérvinnslur og er m.a. stuðst við þær í nokkrum verkefnum vaxtarsamnings.

### 5.4 Vinnumálastofnun

Vinnumálastofnun er m.a. falið að afla upplýsinga um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur og halda utan um þær. Byggir sú vinna einkum á gagnagrunni um atvinnuleitendur. Vinnumálastofnun birtir mánaðarlegar skýrslur um stöðu á vinnumarkaði og allítarlegar upplýsingar eru unnar um fjölda atvinnulausra eftir ýmsum bakgrunnspáttum þ.á m. eftir sveitarfélögum. Upplýsingar eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is).

### 5.5 Fiskistofa

Fiskistofa annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarúvegsmála og fiskeldis. Jafnframt annast hún margvíslega upplýsingaöflun í sínum málaflokkum. M.a. má nefna gagnagrunn um úthlutun aflamarks og stöðu kvótastöðu skipa.

Gögnin eru greind eftir sveitarfélögum og aðgengileg á heimasíðu Fiskistofu, [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is).

## 5.6 Rannís

Rannís safnar margvíslegum tölum um nýsköpun og rannsóknir og birtir þær ([www.rann.is](http://www.rann.is)) og rekur gagnagrunn um þessi mál. Þar er m.a. að finna margvíslega tölfraði um R&D.

## 5.7 Samband íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur með Hagstofu Íslands að söfnun efnis um fjárhag sveitarfélaga og birtir á sinni heimasíðu ([www.samband.is](http://www.samband.is)) mikið magn upplýsinga um efnið.

## 5.8 Ferðamálastofa

Ferðamálastofa sér um talningu erlendra gesta á Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hefur haft það verkefni með höndum frá árinu 2002. Heimasíða stofnunarinnar er [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is) og þar má nálgast þessi gögn.

## 5.9 Samgöngustofa

Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála og tók við verkefnum Flugmálastjórnar Íslands og Umferðarstofu, auk tiltekinna verkefna sem Siglingamálastofnun sinnti áður. Undir hatti Samgöngustofu eru nokkrir gagnagrunnar sem nálgast má á heimasíðu hennar, [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is). Ökutækjaskrá geymir víðtækar upplýsingar um ökutæki, eftir orkugjafa, aldri, sveitarfélagi eigenda/umráðamanns o.fl. Þá safnar Samgöngustofa upplýsingum um umferðarslys.

## 5.10 Seðlabanki Íslands

Seðlabanki Íslands geymir margvíslega gagnagrunna um fjármálakerfið sem nálgast má á heimasíðu bankans, [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is). Þar er hins vegar ekki að finna upplýsingar greindar eftir landssvæðum.



